FRÉTTABLAÐIÐ
27. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 2. FEBRÚAR 2016

# Nýtt aflamet slegið á Íslandi



Endalaust 365
ENDALAUST NET

Endalaust 365

# ENDA

# NET

**1.000 KR.***

ÓTAKMARKAÐ
GAGNAMAGN

Endalaus og áhyggjulaus
Internetáskrift.

365 er hreykið af því að geta boðið upp á þessa nýung á markaðinn fyrst
fjarskiptafyrirtækja. Þú þarft ekki að setja þig inn í flókinn heim fjarskiptanna.

* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini.
**Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer.
Nánari upplýsingar á 365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

27. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 2. FEBRÚAR 2016



Það hefur verið vetrarríki í höfuðborginni og víðar á landinu undanfarna daga. Kosturinn er sá að þá geta menn rennt sér í snjónum, hvort sem er á skíðum eða á snjóþotu. Arnarhóll er sívinsæll staður fyrir þá sem vilja renna sér á þotu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fyrrverandi dómarar fá 26% hækkun

**Kjararáð hækkaði heildarlaun dómara sérstaklega umfram aðra í desember með vísan í aukið álag og nauðsyn þess að efla trúverðugleika dómstóla. Vegna þessa hækka eftirlaun 29 fyrrverandi dómara eða maka þeirra um 26 prósent. Eftirlaunin hækka um sjö flokka.**

**KJARAMÁL** Ákvörðun kjararáðs um að hækka laun dómara leiðir til þess að eftirlaun 29 fyrrverandi dómara eða maka fyrrverandi dómara hækka um 26 prósent.

Af úrskurði kjararáðs frá 17. desember má ráða að ástæða launahækkunar dómaranna sé annars vegar auknar kröfur til dómara og hins vegar nauðsyn þess að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði þeirra.

Tímabundnar álagsgreiðslur sem dómarar fengu í kjölfar hrunsins voru felldar inn í dagvinnulaun um áramótin með sértækri ákvörðun kjararáðs. Þótt dagvinnulaunin hafi með því hækkað um 26 prósent hækkuðu heildarlaun dómaranna í flestum tilfellum þá í kringum 8 prósent – eftir að hafa hækkað um 9,3 prósent í almennri hækkun í nóvember eins og hjá öðrum sem heyra undir kjararáð.

„Fram hefur komið að sífellt flóknara laga- og viðskiptaumhverfi geri auknar kröfur til dómara og fyrir dómstólum liggja flóknari og umfangsmeiri mál en áður. Við ákvörðun launakjara dómara verður ekki litið fram hjá þessari staðreynd,“ segir kjararáð í úrskurði.

Einnig segir kjararáð nauðsynlegt að taka tillit til þess að dómsvaldið sé einn þriggja hornsteina ríkisvaldsins og það veiti löggjafar- og framkvæmdarvaldi aðhald.

Hvernig þessar tvær meginástæður varða fyrrverandi dómara eða þá sem þiggja lífeyri sem makar fyrrverandi dómara blasir ef til vill ekki við. Þó fá þeir úr þessum hópi sem völdu að þiggja lífeyri á svokallaðri eftirmannsreglu þá 26 prósent hækkun sem nú er orðin á dagvinnulaunum starfandi dómara.

„Um var að ræða 7 flokka hækkun eða rúmlega 26 prósent frá 1. janúar 2016,“ segir í svari frá LSR.

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, segir það alltaf mat lífeyrissjóðsins hvort það séu orðnar það verulegar breytingar á störfum að ekki sé lengur um sama starf að ræða.

„Í þessu tilviki metum við það sem svo að þarna sé áfram um sama starf að ræða þótt svo að það séu orðnar talsverðar breytingar á umfangi starfsins eins og því er lýst í úrskurði kjararáðs,“ segir Haukur.

Aðspurður segir Haukur ekki dæmi um viðlíka hækkun hjá öðrum skjólstæðingum LSR á síðasta ári. „Þetta stendur verulega út úr,“ segir hann.

Samkvæmt upplýsingum frá lífeyrissjóðnum hækka heildargreiðslur til þessa 29 manna hóps um tæpar 3,7 milljónir króna á mánuði, fara úr tæpum 14 milljónum króna í nær 17,7 milljónir. Það gerir alls um 44 milljóna króna hækkun á ársgrundvelli. **– gar**

## Boðskap Voreks mótmælt

**SAMFÉLAG** Hópur fólks ætlar að mótmæla skipulögðum fundi karla sem er fyrirhugaður á laugardag við Hallgrímskirkju.

Fundurinn er skipulagður af Roosh Vorek sem gefur sig út fyrir að kenna karlmönnum að komast yfir konur og jafnvel beita þær kynferðisofbeldi.

Vorek hefur boðað fylgismenn sína að styttu Leifs Eiríkssonar næsta laugardag klukkan átta. Hann hefur gefið út að hann vilji skipuleggja fjöldahreyfingar um allan heim í kringum boðskap sinn. Hann segist hafa skipulagt 43 fundi víða um heim.

„Ef manni mislíkar eitthvað þýðir ekki að standa aðgerðalaus hjá,“ segir Brynhildur Yrsa Guðmundsdóttir, einn skipuleggjanda mótmælanna. **– kbg / sjá síðu 4**

## Máltíðin dýrust í Mosfellsbæ

**VELFERÐARMÁL** Ódýrasti maturinn fyrir eldri borgara á höfuðborgarsvæðinu er í Reykjavík. Heimsendir matarbakkar eru 35 prósent dýrari í Kópavogi en í Reykjavík. Í Mosfellsbæ er dýrasta staka máltíðin.

Fréttablaðið fékk upplýsingar um verð á mat í mötuneytum fyrir eldri borgara, verð á heimsendum matarbökkum og hversu oft væri opið í mötuneytum sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins.

„Allur matur handa eldri borgurum í Mosfellsbæ kemur úr mötuneyti Eirar. Það er hagkvæmni fólgin í því. Langflestir sem nota þjónustuna eru í föstu fæði og fá máltíðina á 800 krónur en stök máltíð kostar 1.200 krónur,“ segir Valgerður Magnúsdóttir, forstöðumaður þjónustumiðstöðvar fyrir eldri borgara. **– ebg / sjá síðu 8**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Bolli Héðinsson skrifar um lyklavöld fyrir útgerðina og bankana. 14-15

**SPORT** Alfreð fékk nýtt lið í nýju landi í 27 ára afmælisgjöf. 14

**MENNING** Magnað ljósaverk verður á Hörpu í upphafi á Vetrarhátíðar. 20-22

**LÍFIÐ** Páll Óskar Hjálmtýsson var fenginn til að semja afmælislag fyrir Söngvakeppni sjónvarpsins og kemur hann til með að frumflytja lagið á sviðinu í Háskólabíói næstkomandi laugardag. 48



**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK ● LÍFIÐ ● BÍLAR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015








Í dag stefnir í norðlæga átt 5-13 m/s og stöku él fyrir norðan og austan og er því útlit fyrir mun skaplegra veður þar heldur en var í dag. Sunnanlands verður að mestu áfram fallegt og bjart vetrarveður. SJÁ SÍÐU 18

## Sekta eigendur Loftsins

**VIÐSKIPTI** Neytendastofa hefur lagt dagsektir á Boltabarinn ehf., sem rekur Loftið, þar til fyrirtækið hefur farið að ákvörðun um nafnabreytingu.

Í desember 2014 var Boltabarnum ehf. bönnuð notkun heitisins Loftið þar sem það væri til þess fallið að valda ruglingshættu við auðkenni Loft Bar sem rekinn er af Farfuglum ses.

Ákvörðun Neytendastofu var staðfest með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í október síðastliðnum að því leyti að Boltabarnum ehf. væri bannað að nota auðkennið Loftið í núverandi mynd.

Þar sem Boltabarinn hefur enn ekki farið að ákvörðun Neytendastofu og úrskurði áfrýjunarnefndar lagði Neytendastofa dagsektir á Boltabarinn ehf. að fjárhæð 50 þúsund krónur á dag þar til fyrirtækið gerir viðeigandi ráðstafanir. – sg

## Segja Vesturlönd veruleikafirrt

**NORÐUR-KÓREA** Norður-kóreska ríkið segir Vesturlönd veruleikafirrt og sakar þau um að neita að viðurkenna kjarnorkumátt Norður-Kóreu í yfirlýsingu sem ríkisstjórnin sendi frá sér í gær.

Þá segir enn fremur að ríkið sé fært um að varpa kjarnorkusprengjum á Bandaríkin.

Í upphafi mánaðar prófuðu Norður-Kóreumenn vetnissprengju í fyrsta sinn en slík sprengja er mun öflugri en kjarnorkusprengja. Í tilkynningunni segir að engin þörf hafi verið á því.

Norður-Kórea hafi rætt við Bandaríkjamenn um að ef Bandaríkin myndu slaka á viðskiptaþvingunum myndi ríkið fresta öllum kjarnorkusprengjuprófunum. Af því varð hins vegar ekki að sögn norðurkóreska ríkisins.

Aftur á móti hertu Bandaríkjamenn hins vegar viðskiptaþvinganir sínar fyrr í mánuðinum. – þea

# Ládeyða yfir Lagarfossi




„Það er verið að reyna að teygja og toga á þessu. Menn eru tvístígandi, hvort það verði farið í einhvern lokafasa eða hvort það slitni bara upp úr þessu," sagði Guðmundur Ragnarsson, formaður Félags vélstjóra og málmtæknimanna. Lítið var að frétta af kjaradeilum vélstjóra og skipstjórnarmanna við Samtök atvinnulífsins þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær. Og ýmislegt sem benti til að flutningaskip Eimskips og Samskips yrðu kyrrsett. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ragnhildur Helgadóttir látin



**Ragnhildur Helgadóttir lögfræðingur, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, lést síðastliðinn föstudag, 85 ára að aldri, eftir stutta sjúkdómslegu.**

**Ragnhildur var á lista Sjálfstæðisflokksins við alþingiskosningar 1953 og aftur 1956 þegar hún var kjörin á þing ein kvenna þá 26 ára gömul. Ragnhildur var önnur konan hér á landi til að gegna ráðherraembætti og fyrst kvenna til að gegna embætti menntamálaráðherra (1983–1985) og embætti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (1985–1987).**




# Losna við sykursýki viku eftir aðgerðina

78 prósent sjúklinga með sykursýki af týpu 2 losnuðu við sjúkdóminn í aðgerð vegna offitutengdra sjúkdóma. Þegar valið er til aðgerða í dag er frekar einblínt á hvort sjúklingar eru með offitutengda sjúkdóma, heldur en eingöngu á þyngd.

**HEILBRIGÐISMÁL** Af þeim 855 einstaklingum sem farið hafa í aðgerð, það er magahjáveitu og magaermi, vegna offitutengdra sjúkdóma á Íslandi frá árinu 2001 hafa um 20 prósent verið með sykursýki af týpu 2. Nánast allir sykursýkissjúklinganna, eða 78 prósent, hafa losnað við sykursýkina, að sögn Hjartar G. Gíslasonar, skurðlæknis á Landspítalanum.

Hann segir þetta mikinn ávinning. „Sykursýki af týpu 2 er slæmur sjúkdómur. Þótt sjúklingar fái meðferð með lyfjum versnar sjúkdómurinn með tímanum. Þessir sjúklingar lifa að meðaltali 17 árum skemur en þeir sem ekki eru með þennan sjúkdóm."

Að breyta mataræði og lífsstíl hjálpar ekki til langframa ef menn eru orðnir mjög stórir, að því er Hjörtur greinir frá. „Hormóna- og ónæmiskerfið sem situr í maga og görn stýrir líkamsþyngdinni. Ef menn hafa til dæmis lengi verið 30 kg yfir kjörþyngd vill skrokkurinn vera þungur. Þetta hefur stimplast inn í kerfið. Kerfið var mikilvægt til að lifa af í gamla daga þegar það komu harðir vetur án matar en nú er alltaf til nóg af mat."

Hjörtur segir að auðvitað sé hægt að léttast um 30 kg með breyttum lífsstíl. „En eftir eitt til tvö ár hefur aðeins 1 til 2 prósentum af þeim sem eru með sjúklega offitu tekist að halda nýrri þyngd. Menn eru að keppa við afar sterkt kerfi í sjálfum líkamanum. Sykursýki af týpu 2 getur batnað til skamms tíma við breyttan lífsstíl en það virkar næstum aldrei til langframa."

Þegar valið er til aðgerða í dag er frekar einblínt á hvort sjúklingar eru með offitutengda sjúkdóma, heldur en eingöngu þyngdarstuðul. „Nú er talað um aðgerðir vegna offitutengdra sjúkdóma, eins og með vömb og kviðarholsfitu, háþrýsting, háar blóðfitur, kæfisvefn og sykursýki af týpu 2. Viku eftir þessar aðgerðir sjáum við að sykursýkin er nánast farin hjá flestum sjúklinganna. Við aðrar aðgerðir sem virka öðruvísi fer sykursýkin þegar þyngdin fer niður."

Kostirnir við aðgerðirnar eru bætt líðan þegar einstaklingar hafa lést og þeim skánað af sjúkdómum. Aðgerðirnar geta hins vegar haft fylgikvilla sem geta verið margvíslegir. Hjörtur segir að vega þurfi og meta plúsa og mínusa þegar aðgerð er íhuguð. „Þessar aðgerðir á Landspítalanum hafa sýnt að sjúklingarnir eru að léttast verulega til langframa."

Aðgerðirnar eru gerðar í samvinnu við Reykjalund og Kristnes, að því er Hjörtur greinir frá.

ibs@frettabladid.is



**Vömb getur verið hættuleg heilsunni og valdið offitutengdum sjúkdómum.** NORDICPHOTO/GETTY

> En eftir eitt til tvö ár hefur aðeins 1 til 2 prósentum af þeim sem eru með sjúklega offitu tekist að halda nýrri þyngd.
>
> Hjörtur G. Gíslason, skurðlæknir á Landspítalanum.




Betri ferð
fyrir betra verð
- vita.is
vita
VITA LÍF
Sólarferðir
fjölskylduparadísin Calpe
valdar dagsetningar í maí.
Verð frá:
69.900 kr.
Á mann m.v 2 fullorðna og 2 börn í íbúð á Ambar Beach í 7 nætur.
Alicante • Mallorca • Tenerife • Krít
VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS

# Milljónir strandaglópa í landi sem er tíund af stærð Íslands

**STJÓRNMÁL** „Það er óhætt að segja að þetta hefur mikil áhrif á samfélagið hér,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson í Reykjavík síðdegis um flóttamannabúðir sem hann heimsótti í Líbanon í gær.

„Þetta er ekki stórt land, það er álíka stórt og Norður-Múlasýsla ef ég man rétt en hér er gríðarlegur fjöldi flóttamanna. Flóttamenn sem hafa verið að koma frá Sýrlandi vegna stríðsins þar en líka mikill fjöldi palestínskra flóttamanna sem hafa búið hér jafnvel kynslóð eftir kynslóð allt frá árinu 1948.“



**Sigmundur kannaði aðstæður flóttamanna í Líbanon.** MYND/FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Nærri tvær milljónir sýrlenskra flóttamanna voru í flóttamannabúðum í Líbanon í desember í fyrra. Sigmundur segir þetta skapa mikið álag fyrir stjórnvöld í Líbanon.

> **Þeir óttast að svona mikill straumur af flóttafólki gæti raskað jafnvæginu í samfélaginu.**
>
> Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra

„Þeir óttast að svona mikill straumur af flóttafólki gæti raskað jafnvæginu í samfélaginu. Þetta getur líka raskað hlutfallinu á milli þjóðfélagshópa. Kristnir voru hér í meirihluta og auk þess hafa sjíamúslimar og súnní-múslimar oft átt erfitt í sinni sambúð. Allir þessir hópar vilja gjarnan viðhalda jafnvægi sem að þrátt fyrir allt hefur náðst núna og óttast þess vegna áhrifin af þessum óróa og stríðum í nágrannalöndunum,“ sagði Sigmundur.

Hann átti meðal annars fund með framkvæmdastjóra Rauða krossins í Líbanon auk forsætisráðherra Líbanons.

„Allir voru meðvitaðir um áherslur Íslands í þessum málum og mér fannst þeir taka afdráttarlaust undir að það ætti að nálgast hlutina á heildstæðan hátt eins og við Íslendingar höfum reynt að gera. Það er að segja að styðja við löndin hér í kring, gera mönnum kleift að búa hér í flóttamannabúðunum við sæmilegt öryggi en að geta þá frekar tekið við þeim beint héðan sem eru raunverulegir flóttamenn sem geta ekki snúið aftur,“ sagði hann.

Eftir för sína til Líbanon heldur Sigmundur til London til að funda með þjóðarleiðtogum í Evrópu um ástandið í Sýrlandi. **– srs**




**Höfuðstöðvar Brimborgar eru nú á Ártúnshöfða.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Brimborg fær Rauðavatnslóð

**VIÐSKIPTI** Bílaumboðið Brimborg hefur fengið byggingarrétt á 14 þúsund fermetra lóð í Hádegismóum við Rauðavatn.

Fram kom á fundi borgarráðs í síðustu viku þar sem úthlutunin var samþykkt að ef Brimborg staðgreiðir lóðina fær fyrirtækið 7 prósenta afslátt og söluverðið verður þá rúmar 228 milljónir króna.

Eftir hrunið 2008 vildi Brimborg skila Reykjavíkurborg lóð á Esjumelum sem fyrirtækið hafði borgað 136 milljónir króna fyrir í gatnagerðargjöld en borgin féllst ekki á það. Brimborg stefndi þá borginni en fyrirtækið tapaði því máli fyrir Hæstarétti. **– gar**

## Einn naglinn í líkkistuna enn

**ÞJÓNUSTA** „Má líkja ákvörðun sem þessari við það að enn einn naglinn sé rekinn í líkkistu dreifbýlis á landsbyggðinni,“ segir sveitarstjórn Strandabyggðar.

Sveitastjórnin fordæmir ákvörðun Íslandspósts um að fækka útburðardögum pósts í dreifbýli um helming.

Sveitarstjórnin segir að eftir breytingu á reglugerð í október geti Íslandspóstur fækkað dreifingardögunum. Skorar sveitarstjórnin á forsvarsmenn Íslandspósts að hætta við að skerða póstdreifinguna í sveitum. **– gar**

# Mótmæla fundi manns sem hvetur karlmenn til nauðgana

**Hópur fólks hefur boðað komu sína að styttu Leifs Eiríkssonar við Hallgrímskirkju og ætlar að mótmæla fyrirhuguðum fundi fylgismanna Roosh Vorek. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fylgist með fundinum.**

**REYKJAVÍK** Hópur fólks ætlar að mótmæla skipulögðum fundi karla sem er fyrirhugaður á laugardag við Hallgrímskirkju.

Fundurinn er skipulagður af Roosh Vorek sem gefur sig út fyrir að kenna karlmönnum að komast yfir konur og jafnvel beita þær kynferðisofbeldi. Hann hefur boðað fylgismenn sína að styttu Leifs Eiríkssonar næsta laugardag klukkan átta. Hann hefur gefið út að hann vilji skipuleggja fjöldahreyfingar um allan heim í kringum boðskap sinn. Hann segist hafa skipulagt 43 fundi víða um heim. Sjálfur segist hann verða viðstaddur viðlíka fund í Washington. Þetta kemur fram á síðu hans, rooshv.com.

„Eins og ég sé þetta, þá getur alls kyns óþverri fengið að þrífast hér á landi ef fólk stendur aðgerðalaust hjá. Ef manni mislíkar eitthvað þýðir ekki að standa aðgerðalaus hjá,“ segir Brynhildur Yrsa Guðmundsdóttir einn skipuleggjanda mótmælanna.

Roosh Vorek hefur gefið út að í einhverjum tilvikum verði skipt um fundarstað. Brynhildur Yrsa segir að þrátt fyrir að karlarnir fundi annars staðar skipti mótmælin máli.

„Okkur langar að sjá ofbeldislausar aðgerðir – meira af léttleika og gríni. Við erum ekki komnar svo langt að hugsa um að elta á staðinn vegna þess að, eins bjartsýnar og við erum í eðli okkar, sjáum við fyrir okkur að stór hópur fólks á Hallgrímskirkjutorgi hafi fælingarmátt. Ef skipt verður um fundarstað og við fáum fregnir af því munum við að sjálfsögðu beina hópnum þangað.“



**Brynhildur Yrsa hefur ásamt fleirum efnt til mótmæla á laugardag gegn skipulögðum fundi manns sem hvetur til nauðgana.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu veit af fyrirhuguðum fundi og ætlar að fylgjast með atburðarásinni.

Roosh hefur komið til Íslands, það var árið 2011 og gortaði hann í framhaldinu í rafbók sinni Bang Iceland af því að hafa átt mök við konu sem samkvæmt bandarískum lögum yrðu skilgreind sem nauðgun. Í bókinni fjallar hann um það hvernig best sé fyrir ferðamenn að sænga hjá íslenskum konum sem hann lýsir sem lauslátum yfir meðallagi og ótrúlega lauslátum „þegar búið er að hella þær fullar og einangra þær“.

Á heimasíðu sinni leiðbeinir hann fylgismönnum sínum um fundinn og ráðleggur þeim að ef femínistar mæti þá skuli þeir taka af þeim myndir og senda sér svo hægt sé að rífa þær niður.

Í júlí á síðasta ári urðu nokkrir mótmælendur í Kanada fyrir hótunum frá fylgismönnum Roosh og var hótað líkamsmeiðingum og nauðgunum. Þá söfnuðust 46.000 undirskriftir gegn komu hans til Kanada. **kristjanabjorg@frettabladid.is**






# SÁÁ slæst við SÍ fyrir héraðsdómi

**DÓMSMÁL** Fjárveitingar Alþingis vegna þjónustu göngudeildar SÁÁ hafa ekki skilað sér að mati samtakanna. SÁÁ hefur stefnt ríkinu fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur vegna meintra vanefnda Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) á samningi sem gerður var í desember 2012 um þjónustu göngudeildarinnar.

„Fjárveitingar frá Alþingi til SÁÁ taka mið af þessum samningi sem ráðherra hefur staðfest en með honum var gert ráð fyrir 43 milljóna króna árlegri greiðslu til þeirrar þjónustu SÁÁ sem þar er kveðið á um,“ segir í umfjöllun SÁÁ. „Frá því samningurinn tók gildi hefur hlutur SÍ í rekstrarkostnaði hins vegar minnkað úr 43 milljónum króna árið fyrir gildistöku samningsins, í 27 milljónir króna árið 2013, í 17 milljónir króna árið 2014 og í núll krónur árið 2015.“

Fram kemur að á síðasta ári hafi rekstrarkostnaður göngudeildarinnar numið 76 milljónum króna. „Vegna deilunnar við Sjúkratryggingar




**SÁÁ segir að áður en samið var í desember 2012 hafi verið rekin meðferð fyrir sjúkratryggða án árekstra við stjórnsýslu og fjárveitingarvald.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Íslands greiðir SÁÁ niður með sjálfsaflafé sínu þann hluta af kostnaðinum sem greiða ætti með framlagi Sjúkratrygginga. SÁÁ axlar þær byrðar að svo stöddu en hins vegar er ljóst að samtökin munu ekki til lengdar geta staðið undir óbreyttum göngudeildarrekstri á eigin kostnað.“

Framtíð göngudeildarþjónustunnar er sögð ráðast af framgangi dómsmálsins. Til þess hafi verið höfðað eftir árangurslausar innheimtutilraunir. SÁÁ býst við að aðalmeðferð í málinu fari fram á næstu vikum, en næsta fyrirtaka í málinu er 18. þessa mánaðar. **– óká**




*Ford Fiesta er **mest seldi** smábíll Evrópu*

# NÝR FORD FIESTA

› Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu. Það kemur ekki á óvart því útlitið er rennilegt og staðalbúnaðurinn glæsilegur.

Hann höfðar jafnt til þeirra sem kunna að meta framúrskarandi akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi.

Fiesta er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (e. International Engine of the Year), þrjú ár í röð.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Fiesta, mest selda smábíls Evrópu - komdu og prófaðu**

## FORD **FIESTA**

BEINSKIPTUR
FRÁ **2.390.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **2.740.000** KR.

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta er nýi besti vinur þinn: Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ◆ Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km. ◆ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Auðnutittlingum fækkar

**NÁTTÚRA** Auðnutittlingum hefur fækkað áberandi mikið í görðum landsmanna í vetur eftir frekar góð undanfarin ár. Vetrarfuglatalning Náttúrufræðistofnunar Íslands sem haldin er árlega milli jóla og nýárs rennir einnig stoðum undir það að fækkunin sé áreiðanleg.

„Það er örlítil fækkun í nokkrum fuglategundum í görðum landsmanna en mest áberandi er fækkun auðnutittlinga sem hafa verið mjög algengir gestir síðustu tvo vetur. Nú í ár eru þeir hins vegar færri og menn taka eftir því,“ segir Guðmundur A. Guðmundsson, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. „Breytingin er nokkuð skörp en líklega er ekkert sem er að gerast nú í vetur sem orsakar fækkunina.“

Auðnutittlingastofninn er nokkuð stór, telur um hundrað þúsund pör. Þeirra aðalfæða eru birkifræ og nóg er af þeirri fæðu í dag. „Því er líklegt að þeim hafi fækkað síðasta vetur þegar lítið var af birkifræjum. Nú er nóg af fæðu fyrir þá,“ segir Guðmundur sem hefur þrátt fyrir þetta litlar áhyggjur af stofninum. „Auðnutittlingur getur orpið oft yfir sumartímann og því þarf ekki að taka langan tíma fyrir stofninn að ná jafnvægi á nýjan leik.“ **– sa**

# Endalaust gagnamagn

**VIÐSKIPTI** Umfangsmiklar breytingar verða gerðar á sjónvarpsdagskrá og fjarskiptaþjónustu 365.

Til að mynda verður viðskiptavinum boðið upp á ótakmarkað niðurhal og gagnamagn á netinu og í símanum en pakkarnir sem boðið verður upp á kallast Endalaust internet og Endalaus GSM.

Internetáskrifendur sem eru einnig áskrifendur að einhverjum sjónvarpstilboðspökkum fyrirtækisins fá ótakmarkað niðurhal á 1.000 krónur á mánuði.

Þá fá GSM-áskrifendur ótakmarkaðar mínútur og SMS óháð því hjá hvaða símafyrirtæki móttakandi símtalsins er. Endalaust gagnamagn fylgir áskriftarleiðinni en fyrir þetta greiða notendur 2.990 krónur á mánuði.

„Núna verður þetta einfalt. Endalaust gagnamagn, mínútur og SMS á föstu verði þannig að fólk þarf ekki að óttast óvænta reikninga vegna umframnotkunar,“ segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri 365. **-jóe**


Bjargráð í sorg

Halldór Reynisson flytur erindi í safnaðarheimili Háteigskirkju miðvikudaginn 3. febrúar kl. 20.
Kaffiveitingar og allir hjartanlega velkomnir.
Aðgangur ókeypis.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is

Bláskógabyggð

Álagning fasteignagjalda 2016.
Upphafsálagningu fasteignagjalda í Bláskógabyggð er nú lokið fyrir árið 2016.

Sveitafélagið Bláskógabyggð hefur lokið upphafsálagningu vegna ársins 2016. Álagningaseðlar 2016 verða ekki sendir út, en hægt er að nálgast þá á www.island.is undir „Mínar síður“ og þar í pósthólfi. Innskráning á síðuna er með veflykli ríkisskattsstjóra, íslykli eða með rafrænum skilríkjum. Eins má nálgast upplýsingar um álagninguna á bæjargáttinni á heimasíðu Bláskógabyggðar, blaskogabyggd.is , en þar er farið inn á mínar síður með sama hætti og á www.island.is. Forsendur álagningarinnar er einnig að finna inni á heimasíðu Bláskógabyggðar, blaskogabyggd.is .

Greiðsluseðlar verða ekki sendir út nema þess sé sérstaklega óskað, en kröfur vegna fasteignagjalda koma inná heimabanka viðkomandi gjaldanda og birtast þar, sem og inni á bæjardyrum á heimasíðu Bláskógabyggðar.

Þeim, sem óska eftir að fá heimsendan greiðsluseðil, er bent á að hafa samband við skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000 ( mánudaga – fimmtudaga frá kl. 9.00 – 12.00 og 13.00 – 15.00, en föstudaga frá 9.00 – 12.00), eða á netfangið gudny@blaskogabyggd.is

Allar nánari upplýsingar um álagningu gjalda 2016 eru veittar á skrifstofu Bláskógabyggðar.

*Bláskógabyggð.*


# Þjóðhátíðardagurinn undirbúinn



**Verkamenn á Sri Lanka sauma þjóðfánann, en hann verður svo seldur á þjóðhátíðardaginn. Dagurinn er haldinn hátíðlegur í sextugasta og áttunda sinn þann 4. febrúar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Bann við innflutningi andstætt EES-samningi

**Í ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins segir að íslensk stjórnvöld þurfi að leyfa innflutning á fersku kjöti. Dýralæknir tilraunastöðvar að Keldum segir þetta sorgartíðindi. Staða smitsjúkdóma íslenskra búfjárstofna sé betri hér en erlendis.**

**VIÐSKIPTI** Innflutningsbann íslenska ríkisins á fersku ófrosnu kjöti til Íslands stenst ekki ákvæði EES-samningsins um frjálst flæði vöru og þjónustu á innri markaði Evrópu. Þetta kemur fram í ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins sem skilað var í gær.

Samkvæmt áliti dómstólsins kveður EES-samningurinn á um að aðildarríkjum hans beri að leyfa innflutning á fersku kjöti, svo framarlega sem það hefur staðist heilbrigðiseftirlit í heimalandinu. Ekki sé heimilt að gera þá kröfu að afurðirnar verði frystar eins og íslensk stjórnvöld hafa alltaf krafist.

Vilhjálmur Svansson, dýralæknir á tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, geldur varhug við því að flytja inn ferskt kjöt til landsins og segir þetta sorgartíðindi fyrir þá sem bera lýð- og dýraheilsu fyrir brjósti. „Ísland er eyja og við njótum þeirrar landfræðilegu einangrunar þegar kemur að smitsjúkdómum í mönnum og dýrum. Staða smitsjúkdóma íslenskra búfjárstofna er ekki sambærileg við það sem gerist erlendis,“ segir Vilhjálmur. „Landfræðileg einangrun okkar er ákveðin auðlind sem menn spilla með því að leyfa innflutning á fersku kjöti.“

> **Ísland er eyja og við njótum þeirrar landfræðilegu einangrunar þegar kemur að smitsjúkdómum í mönnum og dýrum.**
>
> Vilhjálmur Svansson dýralæknir á Keldum



> **Það verður að hafa í huga að hér er um ráðgefandi álit að ræða og það afnemur ekki sjálfkrafa gildandi reglur.**
>
> Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra



„Dómurinn gat ekki komist að neinni annarri niðurstöðu. Það hefur legið fyrir um árabil að þessar reglur væru hluti af EES-samningnum og að Ísland hefði ekki samið um neina undanþágu frá þeim,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

„Það verður að hafa í huga að hér er um ráðgefandi álit að ræða og það afnemur ekki sjálfkrafa gildandi reglur á Íslandi,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra. „Það eru viss vonbrigði að EFTA-dómstóllinn hafi ekki skilning á þeim sjónarmiðum sem við höfum lagt mikla áherslu á.“

„Þetta var bara eins og lagt var upp með. Nú verður málið tekið fyrir í héraðsdómi og ég hef ekki hugmyndaflug til annars en að hann muni komast að sömu niðurstöðu,“ segir Arnar Þór Stefánsson lögmaður sem flytur málið fyrir hönd Ferskra kjötvara. **sveinn@frettabladid.is**




Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjórhjóladrif og sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Tucson – verð frá 5.490.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

UEFA EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

# EINSTÖK TILBOÐ!

## GERÐU FRÁBÆR KAUP

WWW.BÍLALAND.IS




RANGE ROVER SPORT SUPERC
Nýskr. 08/07, ekinn 114 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 4.590.000**

TILBOÐSVERÐ! 3.590 þús.




RANGE ROVER VOGUE
Nýskr. 09/08, ekinn 90 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 7.490.000**
TILBOÐ kr. 6.490 þús.




BMW 3 320d s/d e90
Nýskr. 08/06, ekinn 86 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 2.980.000**
TILBOÐ kr. 2.490 þús.




BMW X5 xDRIVE30d 3.0d e70 30d
Nýskr. 05/12, ekinn 40 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 8.850.000**
TILBOÐ kr. 7.990 þús.




BMW X1 xDRIVE 25d
Nýskr. 08/13, ekinn 30 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 6.550.000**
TILBOÐ kr. 5.190 þús.




BMW X3 xDRIVE 20d
Nýskr. 12/14, ekinn 5 þús km.
dísil, beinskiptur.
**Verð áður kr. 9.290.000**
TILBOÐ kr. 6.890 þús.




BMW X5 xDRIVE e70 30d
Nýskr. 02/14, ekinn 19 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 11.980.000**
TILBOÐ kr. 10.900 þús.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**

www.facebook.com/bilaland.is






**Reykjavíkurborg hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa ekki mötuneyti opin alla daga vikunnar til að koma í veg fyrir félagslega einangrun eldri borgara. Eingöngu Mosfellsbær og Seltjarnarnes bjóða upp á mötuneytismat um helgar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Matarbakkar þriðjungi dýrari hjá Kópavogsbæ

Ódýrasti maturinn fyrir eldri borgara á höfuðborgarsvæðinu er í Reykjavík. Heimsendir matarbakkar eru 35 prósent dýrari í Kópavogi en í Reykjavík. Í Mosfellsbæ er dýrasta staka máltíðin og Hafnarfjörður er með hæstu niðurgreiðsluna á mat.

**VELFERÐARMÁL** Fréttablaðið fékk upplýsingar um verð á mat í mötuneytum fyrir eldri borgara, verð á heimsendum matarbökkum og hversu oft væri opið í mötuneytum sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins í kjölfar mikillar umræðu um mat til eldri borgara í Reykjavík.

Máltíð í mötuneyti og matarbakkar í Reykjavík eru á lægsta verði og eitt mötuneyti af sautján í borginni er opið um helgar. Seltjarnarnes kemur fast á hæla Reykjavíkur með næstlægsta verðið en þar er mötuneytið opið alla daga vikunnar. Mosfellsbær er eina bæjarfélagið fyrir utan Seltjarnarnes sem hefur opið alla daga. En Mosfellsbær niðurgreiðir ekki matinn.

„Allur matur handa eldri borgurum í Mosfellsbæ kemur úr mötuneyti Eirar. Það er hagkvæmni fólgin í því. Langflestir sem nota þjónustuna eru í föstu fæði og fá máltíðina á 800 krónur en stök máltíð kostar 1.200 krónur," segir Valgerður Magnúsdóttir, forstöðumaður þjónustumiðstöðvar fyrir eldri borgara.

Garðabær er eina sveitarfélagið fyrir utan Mosfellsbæ sem niðurgreiðir ekki máltíðina. Öll sveitarfélögin niðurgreiða þó heimsendingarnar á matarbökkunum. Í Hafnarfirði er hæsta niðurgreiðslan á matnum og verðið með því lægsta.

Ef verðið á stakri máltíð í Mosfellsbæ er ekki tekið með, enda fáir sem greiða það verð, þá er dýrasta máltíðin og dýrasti matarbakkinn í Kópavogi. Sigríður Björg Tómasdóttir, almannatengill Kópavogsbæjar, segir skipulag á matarmálum bæjarins vera í endurskoðun.

**erlabjorg@frettabladid.is**




**680**
**krónur er lægsta verðið á máltíð fyrir eldri borgara.**

**» Opið er alla daga í mötuneytum Seltjarnarnesbæjar og Mosfellsbæjar. Annars er almennt eingöngu opið á virkum dögum.**



ENNEMM / SÍA / NM73240



Aung San Suu Kyi mætti til fyrsta þingfundar í gær ásamt hundruðum annarra þingmanna. Flokkur Suu Kyi mun hafa mikinn meirihluta á þinginu eftir kosningar sem fóru fram í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Suu Kyi komin til valda í Mjanmar

**Tímamót urðu í Mjanmar í gær þegar nýtt þing kom saman. Friðarverðlaunahafinn Aung San Suu Kyi stjórnar þar langstærsta flokknum, eftir að hafa áratugum saman barist gegn herforingjastjórninni. Fæstir kjörnu þingmannanna hafa setið sem þingmenn áður.**

**MJANMAR** Eitt fyrsta verk nýkjörins þings í Mjanmar, sem einnig hefur verið nefnt Búrma, verður að kjósa nýjan forseta til næstu fimm ára.

Herinn hefur farið að mestu með öll völd í landinu frá árinu 1960 þangað til kosið var til þings í nóvember síðastliðnum. Þá vann Lýðræðisfylkingin, flokkur Nóbelsverðlaunahafans Aung San Suu Kyi, yfirburðasigur.

Þetta tryggir að ekki verður hægt að velja forseta nema með stuðningi flokksins. Herinn fékk sjálfkrafa 25 prósent þingsæta, vegna stjórnarskrárákvæðis þar um, en Lýðræðisfylkingin er með öruggan meirihluta í báðum deildum þingsins.

Aung San Suu Kyi getur hins vegar ekki orðið forseti vegna þess að hún á tvo fullorðna syni sem báðir eru breskir ríkisborgarar eins og faðir þeirra var, en hann lést árið 1999. Samkvæmt stjórnarskrá landsins mega forseti landsins, maki hans eða afkomendur, ekki vera erlendir ríkisborgarar.

Suu Kyi ræddi ekkert við blaðamenn á fyrsta degi þingsins, en hún hefur áður sagt að sjálf muni hún fara með stjórn landsins í reynd á kjörtímabilinu þótt hún geti ekki orðið forseti. Vegna þingmeirihluta flokksins muni hún í reynd standa ofar forsetanum að völdum: „Ég mun taka allar ákvarðanirnar," sagði hún í viðtali við breska útvarpið BBC í nóvember.

Búist er við að á allra næstu vikum muni hún skýra frá því, hver verði forsetaefni flokksins.

Herforinginn Thein Sein hefur verið forseti frá árinu 2011, en hann er talinn hafa átt stóran þátt í þeirri lýðræðisþróun sem orðið hefur eftir að hann tók við. Hann lætur formlega af embætti 1. mars næstkomandi.

Suu Kyi vann stórsigur ásamt flokki sínum í þingkosningum árið 1990, en herforingjastjórnin tók ekki mark á niðurstöðum þeirra kosninga. Hún sat eftir það í stofufangelsi meira og minna til ársins 2010, með nokkrum hléum þó en samtals í fimmtán ár.

Flestir þingmennirnir eru að setjast á þing í fyrsta sinn.

AFP fréttastofan ræddi við einn þeirra, Nyein Thit, sem situr á þingi fyrir Lýðræðisfylkinguna: „Við munum vinna að mannréttindum og lýðræði ásamt friði," sagði hann.

„Við höfum verið að berjast fyrir lýðræði frá árinu 1988," hefur breska dagblaðið eftir U Win Htein, talsmanni flokksins. „Við höfum gengið í gegnum miklar þjáningar en nú sjáum við niðurstöðuna og ávöxtinn af þjáningum okkar. Þetta er falleg byrjun." **gudsteinn@frettabladid.is**

### Þjóðþingið

**224** þingmenn sitja í efri deild. Þar af 135, eða 60 prósent, fyrir Lýðræðisfylkinguna.

**440** þingmenn sitja í neðri deild. Þar af 255, eða 58 prósent, fyrir Lýðræðisfylkinguna.

> **Við höfum gengið í gegnum miklar þjáningar en nú sjáum við niðurstöðuna og ávöxtinn af þjáningum okkar. Þetta er falleg byrjun.**
>
> U Win Htein, talsmaður Lýðræðisfylkingarinnar

## SÞ vilja fá 112 milljarða króna

**ÍRAK** Sameinuðu þjóðirnar hafa óskað formlega eftir andvirði um 112 milljarða króna frá aðildarríkjum til mannúðaraðstoðar í Írak. Sameinuðu þjóðirnar vilja nýta peninginn til að bregðast við vaxandi vanda í landinu vegna stríðsins við DAISH-samtökin, sem kenna sig við íslamskt ríki.

Tekjur íraska ríkisins hafa hríðfallið undanfarið með lækkandi olíuverði og segja yfirvöld þar í landi að þau geti ekki fjármagnað nema helming þeirrar aðstoðar sem þörf er á í landinu. Um tíu milljónir Íraka búa nú við mikinn skort. **– þea**

Styrkist í Drottni og krafti máttar hans...

www.versdagsins.is

## Deilan um SALEK gæti endað fyrir héraðsdómi



Frá Akranesi. Verkalýðsfélagið á staðnum skrifar ekki undir kjarasamninginn þar sem Salek er í fylgisskjali. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**KJARAMÁL** Verkalýðsfélag Akraness (VLFA) skrifar ekki undir kjarasamning við sveitarfélögin þar sem svonefnt SALEK-samkomulag er með sem fylgiskjal, segir Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA. Félagsdómur vísaði fyrir helgi frá máli verkalýðsfélagsins á hendur Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem þess var krafist að SALEK-samkomulagið yrði ekki hluti af kjarasamningi félaganna.

Boðað hefur verið til samningafundar í kjaradeilu VLFA og sveitarfélaga hjá ríkissáttasemjara eftir hádegi í dag, en þar segir Vilhjálmur koma í ljós hvort sveitarfélögin standi enn við þá kröfu sína að nýjum kjarasamningi fylgi viðauki um SALEK-samkomulagið. Fari svo sé einboðið að vísa deilunni til almennra dómstóla.

„Grundvallaratriðið er að ef við myndum samþykkja þetta rammasamkomulag með kjarasamningnum hjá okkur, þá er það orðið ígildi kjarasamnings," segir hann. SALEK-samkomulagið geri svo ráð fyrir að launabreytingar í öðrum kjarasamningum, sem félagið eigi eftir að gera, verði með þeim hætti sem kveðið er á um í samkomulaginu.

„Og við getum ekkert fallist á það að við ákveðum í þessum samningi hvernig við göngum frá öðrum kjarasamningum sem við eigum eftir að gera. Það bara stenst enga skoðun."

Vilhjálmur segir að fyrir Félagsdómi hafi Samband íslenskra sveitarfélaga breytt „algjörlega um kúrs" og sagt SALEK ekki vera skuldbindandi, þótt félagið hafi lagt fyrir dóminn gögn um annað. Standi sú stefnubreyting komi ekkert í vegi fyrir undirritun samninga.

„Nei, nei, þetta er orðið þýðingarlaust plagg af þeirra hálfu, bara einhver markmið og annað slíkt." **– óká**

> **Ef við myndum samþykkja þetta rammasamkomulag með kjarasamningnum hjá okkur, þá er það orðið ígildi kjarasamnings.**
>
> Vilhjálmur Birgisson formaður VLFA

### Hvað er SALEK?

Skammstöfunin SALEK stendur fyrir „samstarf um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga" og er afrakstur úttektar sem félög vinnumarkaðarins gerðu á umhverfi kjarasamninga á hinum Norðurlöndunum, þar sem áhersla var lögð á heildarendurskoðun samningalíkansins.

# NOTAÐIR BÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á notadir.brimborg.is

## Gerðu góð kaup á notuðum bíl
## Mikið úrval gott verð



**TILBOÐ: 3.990.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium AWD** GBD01
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur.
Ekinn 91.000 km. Í ábyrgð.
Verð: 4.390.000 kr.



**TILBOÐ 7.950.000 kr.**
**Toyota Land Cruiser 200 VX** ERU84
Skráður september 2010, 5,7i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 130.000 km.
Verð: 8.490.000 kr.



**TILBOÐ 3.490.000 kr.**
**Suzuki Grand Vitara** ZRJ19
Skráður febrúar 2013, 2,4i bensín, beinskiptur.
Ekinn 63.000 km.
Verð: 3.950.000 kr.



**TILBOÐ 8.990.000 kr.**
**Volvo XC90 Momentum D5 AWD** FYE05
Skráður mars 2013, 2,4TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 32.000 km. Í ábyrgð.
Verð 9.250.000 kr.



**TILBOÐ 3.490.000 kr.**
**Mazda6 Vision SDN** RIS81
Skráður mars 2014, 2,2 SkyActiv dísil, beinskiptur.
Ekinn 49.000 km. Í ábyrgð.
Verð: 3.790.000 kr.



**TILBOÐ: 2.990.000 kr.**
**Volvo V40 Kinetic D2** FZV95
Skráður apríl 2014, 1,6TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 65.000 km. Í ábyrgð.
Verð: 3.250.000 kr.



**TILBOÐ 2.990.000 kr.**
**Ford B-MAX Titanium** RIA64
Skráður apríl 2014, 1,6i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 39.000 km. Í ábyrgð.
Verð 3.190.000 kr.



**TILBOÐ: 3.980.000 kr.**
**Ford Mondeo Titanium** FNU14
Skráður maí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 65.000 km. Í ábyrgð.
Verð: 4.190.000 kr.



**TILBOÐ 2.290.000 kr.**
**Mazda6 Advance STW** YMP75
Skráður nóvember 2011, 1,8i bensín/metan, beinskiptur.
Ekinn 75.000 km.
Verð: 2.490.000 kr.



**TILBOÐ: 1.790.000 kr.**
**Peugeot 208 Active** DRY19
Skráður september 2012, 1,4TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 51.000 km.
Verð: 1.990.000 kr.



**TILBOÐ 2.490.000 kr.**
**Ford Focus Trend Edition** NPK22
Skráður maí 2014, 1,6TDCi dísil, beinskiptur.
Ekinn 84.000 km. Í ábyrgð.
Verð: 2.650.000 kr.



**TILBOÐ 1.190.000 kr.**
**Honda Civic ES** BMA03
Skráður mars 2008, 1,8i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 166.000 km.
Verð: 1.390.000 kr.

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

*FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK*
*Notaðir bílar - Brimborg*
*Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar
virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

## Orka og geta



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Það er gríðarlega mikilvægt að styrkja innviði heilbrigðiskerfis, menntakerfis og félagslega kerfisins til þess að sporna við fjölgun [öryrkja],“ sagði Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalagsins í föstudagsviðtali Fréttablaðsins fyrir helgi. Þar ræddi hún um fjölgun öryrkja, en nýlega var sagt frá því að öryrkjum hefði fjölgað um 29 prósent frá árinu 2005. Ellen sagði fjölgunina náttúrulega, í takti við fólksfjölgun. Það væri hins vegar hvorki hagur Öryrkjabandalagsins né samfélagsins að öryrkjum fjölgaði sérstaklega. „Það er forgangsröðun fjármuna sem veldur fjölgun örorkulífeyrisþega.“

Þeim hefur sem sagt fjölgað verulega sem hafa skerta starfsorku og þurfa því að reiða sig á framfærslu ríkisins. Það er miður, ekki aðeins fyrir samfélagið heldur fyrst og fremst fyrir einstaklingana sjálfa. Flestir vilja vera virkir þátttakendur í samfélaginu og félagsleg áhrif þess að vera útilokaður frá vinnumarkaði eru gríðarleg.

Ellen segir í viðtalinu að kerfið sé vinnuletjandi, vinnumarkaðurinn ekki nægilega sveigjanlegur, kjaraskerðingar of miklar og öryrkjum séu sett mörk á öllum mögulegum stöðum.

Niðurstöðu nefndar sem unnið hefur að heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins, sem sett var á laggirnar af Pétri heitnum Blöndal, þáverandi þingmanni Sjálfstæðisflokksins, er beðið með eftirvæntingu. Vinna nefndarinnar miðaði að því að horfið yrði frá kerfi örorkumats og tekið upp starfsgetumat í staðinn. Vonast var til að nefndin myndi skila af sér niðurstöðum sínum fyrir áramót en svo varð ekki.

Nýr formaður nefndarinnar, Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir tillögurnar muni gera öryrkjum og ellilífeyrisþegum auðveldara að starfa. Ellilífeyrisþegar verði þá virkir lengur á vinnumarkaði og þeir sem hafa skerta starfsgetu sæki í að vinna. „Það þarf samræmt átak mjög margra ef þetta á að geta orðið að veruleika,“ segir Þorsteinn. Ríki, sveitarfélög og almennur vinnumarkaður þurfi til að mynda að bjóða þessum þjóðfélagshópum upp á hlutastörf.

Nefndin hefur verið við störf í á þriðja ár. Gert er ráð fyrir að breytingarnar verði kostnaðarsamar, til að byrja með að minnsta kosti. Kerfið sjálft sem og vinnumarkaðurinn mun þurfa tíma til að aðlagast.

Málaflokkurinn er á forræði félagsmálaráðherra, sem hefur átt í vök að verjast með frumvörp sín um breytingar á húsnæðismálakerfinu sem ráðherrann hefur lagt mikla áherslu á að komist til framkvæmda. Illa hefur gengið hjá ráðherra að fá málið í gegnum ríkisstjórn og andstaða samstarfsflokksins á þingi er fyrirsjáanleg. Því er hætt við að önnur stór barátta, sem er dýr og mun taka einhvern tíma að borga sig gæti orðið erfið fyrir félagsmálaráðherra. Sérstaklega stuttu fyrir kosningar.

Það er mikil þörf á því að gera fólki í meiri mæli kleift að hjálpa sér sjálft. Að veita því aðstoð við að komast áfram á eigin verðleikum. Sama þó vegalengdin verði stutt.

**Flestir vilja vera virkir þátttakendur í samfélaginu og félagsleg áhrif þess að vera útilokaður frá vinnumarkaði eru gríðarleg.**

NÝTT OG BETRA APP

FBL

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum

Download on the App Store | GET IT ON Google Play | Get it from Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ

## Halldór




## Frá degi til dags

**Trudeau og séra Trudeau**

**Margir fögnuðu þeim gleðitíðindum að Ísland hefði tekið á móti sýrlenskum flóttafjölskyldum á dögunum. Ráðamenn tóku á móti fólkinu að fjölmiðlum viðstöddum fyrr í mánuðinum. Sumir tóku sig til og gagnrýndu forsætisráðherra fyrir að notfæra sér aðstæður þessa fólks í pólitískum tilgangi. Nú heyrast sömu raddir vegna ferðar hans til flóttamannabúða í Líbanon. Skemmst er að minnast þegar fjölmargir Íslendingar deildu myndbandi af Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, þar sem hann tók á móti flóttafólki þar í landi og óskuðu sér að Ísland ætti slíkan forsætisráðherra. Hér er mikill tvískinnungur á meðal ýmissa netverja en ráðamenn hér á landi eiga hrós skilið fyrir að veita flóttafólki hlýja móttökur líkt og kollegi þeirra Trudeau.**

**Siglt beint inn í ESB?**

**Umræðan um aðild Íslands að ESB hefur verið svokallað „non-issue“ undanfarna mánuði. Margir spá því að málefnið sé alveg dautt. Hins vegar er áhugavert a sjá í nýrri skoðanakönnun Gallup og Já Ísland að 66 prósent Pírata vilja halda viðræðum áfram og 67 prósent þeirra eru hlynnt aðild. Ef fylgi Pírata heldur áfram á siglingu gæti svo gerst að Ísland sigli beint inn í ESB.** stefanrafn@frettabladid.is

## Að sitja við sama borð



Ólafur Teitur Guðnason
upplýsingafulltrúi Rio Tinto Alcan á Íslandi

Á þrettándanum afþökkuðu viðsemjendur ISAL tilboð fyrirtækisins um 24% launahækkun út árið 2019, viðbótarhækkanir í samræmi við SALEK-endurskoðunina, nýja bónusa sem gátu gefið allt að 8% launahækkun til viðbótar, og eingreiðslu vegna ársins 2015.

Þegar viðræðurnar hófust voru dagvinnulaun verkamanna hjá ISAL 25% yfir landsmeðaltali.

Skyldi því engan undra að við samningaborðið var fullkomin sátt um launin.

Verkalýðsfélögin gátu hins vegar ekki samþykkt að slakað yrði á hömlum varðandi útvistun og verktöku, sem eiga sér enga hliðstæðu á Íslandi.

ISAL er eina fyrirtækið á Íslandi með kjarasamning sem kveður á um að allir sem stíga fæti inn á svæðið skuli fá sömu laun og starfsmenn fyrirtækisins.

Þú last rétt: Kjarasamningur ISAL gildir ekki bara um starfsmenn fyrirtækisins heldur líka um starfsmenn annarra fyrirtækja.

Þessu til viðbótar er ISAL eina fyrirtækið á Íslandi sem má ekki bjóða út rekstur mötuneytis.

ISAL er eina fyrirtækið á Íslandi sem má ekki bjóða út hliðvörslu og öryggisgæslu.

ISAL er eina fyrirtækið á Íslandi sem þarf sérstakt leyfi aðaltrúnaðarmanns fyrir nánast hverju einasta viðviki sem iðnaðarmenn á vegum annarra fyrirtækja sinna á svæðinu, hversu lítilfjörlegt sem það er.

Þótt ótrúlegt megi virðast hefur enginn fjölmiðill beðið verkalýðsfélögin um að nefna hvaða önnur fyrirtæki búa við slík skilyrði.

Látið hefur verið í veðri vaka að kjaraviðræðurnar hjá ISAL einkennist af því, að fyrirtækið vilji ekki lúta lögmálum íslensks vinnumarkaðar. Þetta eru eins mikil öfugmæli og hugsast getur, því viðræðurnar stranda einmitt á því, að ISAL vill fá að starfa eftir almennum leikreglum á Íslandi.

Það vildu verkalýðsfélögin ekki samþykkja. Og fyrir þann sérstaka málstað fórnuðu þau meira en fjórðungshækkun ofan á laun sem þegar voru fjórðungi yfir markaðslaunum.

**Viðræðurnar stranda á því, að ISAL vill fá að starfa eftir almennum leikreglum á Íslandi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Lyklavöldin fyrir útgerðina og bankana



**Bolli Héðinsson**
hagfræðingur

**Það er með ólíkindum að ekki skuli vera vilji hjá ráðamönnum þjóðarinnar til þess að læra af sögunni t.d. með því að láta rannsaka einkavæðingu bankanna eins og Alþingi hefur þegar samþykkt.**

Uppfullur bræði hrópaði formaður Sjálfstæðisflokksins fyrir fjórum árum á Alþingi „skiliði lyklunum“. Það að krefjast þess að einhver skili einhverju, ber með sér að sá hinn sami telji sig eiga það sem á að skila. Í þessu tilviki yfirráðum í stjórnarráðinu. Enda hefur Sjálfstæðisflokkurinn ráðið Íslandi með setu í ríkisstjórn í 57 af þeim 72 árum sem Ísland hefur verið lýðveldi eða 80% lýðveldistímans. Er nokkur furða þó Sjálfstæðisflokkurinn telji sig eiga stjórnarráðið.

Hafi einhver verið í vafa um hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn krafðist lyklanna af þvílíkri ákefð þá kom það fljótlega í ljós. Þeir voru orðnir friðlausir yfir því að geta ekki lækkað auðlindagjald á útgerðarmönnum og með sölu Landsbankans á Borgun freistast margir til að álykta að þeir vilji hafa hönd í bagga um til hverra bönkunum og eignum þeirra er ráðstafað. Þegar salan á Borgun átti sér stað 2014 þá fór það fram hjá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins (http://www.visir.is/ups,-gerdi-thad-aftur-/article/201515102892) og það er ekki fyrr en núna þegar almannarómur er orðinn nógu hávær að þeir taka undir hneykslunarorðin.

**Auðlindagjald og heilbrigðiskerfið**

Stærstu viðfangsefni þeirra sem fara munu með völd á Íslandi á næstunni eru annars vegar hvort takast muni að koma á eðlilegu auðlindagjaldi, með útboði aflaheimilda, og hins vegar endurreisn opinbera heilbrigðiskerfisins. Þessi mál eru tengd að því leyti að útboð aflaheimilda er réttlætismál, að þjóðin fái fullt afgjald af auðlind sinni og ekki síður, að ráðstafa gjaldinu til sameiginlegra viðfangsefna. Nú er brýnasta verkefnið endurreisn heilbrigðiskerfisins.

**Ekkert lært af hruninu**

Það er með ólíkindum að ekki skuli vera vilji hjá ráðamönnum þjóðarinnar til þess að læra af sögunni t.d. með því að láta rannsaka einkavæðingu bankanna eins og Alþingi hefur þegar samþykkt. Þess vegna mætti rannsaka bæði fyrri einkavæðinguna, þegar vildarvinum Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks voru afhentir bankarnir og einnig þá síðari þegar þeir voru afhentir kröfuhöfum. Það virðist vera einbeittur vilji fjölda stjórnmálamanna að taka upp þráðinn frá því fyrir hrun eins og ekkert hafi í skorist. Í bönkunum iðka menn síðan það sem stjórnvöld hafa fyrir þeim og leyfa sér hegðan sem við héldum að hrunið hefði bundið enda á. – Þar gleymist að bankarnir eru ýmist í eigu eða reknir á ábyrgð ríkisins, almennings í landinu.

# Bréf til Þorvalds



**Katrín Jakobsdóttir**
formaður VG

**Viðskiptaþvinganir hafa gagnast í undantekningatilfellum en koma sjaldnast í stað pólitískra lausna.**

Þorvaldur Þorvaldsson sendir mér opið bréf í Fréttablaðinu þann 29. janúar síðastliðinn vegna afstöðu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs til viðskiptaþvingana gegn Rússlandi sem hafa leitt af sér mótaðgerðir sem komið hafa hart niður á íslenskum fyrirtækjum.

Fyrst er rétt að taka fram að ákvörðun um stuðning Íslands við þessar aðgerðir var tekin af utanríkisráðherra og síðan kynnt fyrir utanríkismálanefnd. Alþingi tekur því ekki þátt í þessari ákvörðun. Þegar aðgerðirnar voru endurnýjaðar gerði ég sem þáverandi fulltrúi flokksins í utanríkismálanefnd Alþingis almennan fyrirvara við að mér þætti markmiðin með aðgerðunum óskýr og ekki ljóst hvernig meta ætti árangur af þeim.

Enda þótt viðskiptaþvinganir hafi færst í vöxt að undanförnu og Ísland sé aðili að slíkum þvingunum gagnvart töluverðt mörgum ríkjum þá verður að hafa það í huga að þær koma ekki í stað pólitískra lausna, geta bitnað verst á saklausum almenningi og jafnvel valdið stigmögnun átaka eins og þekkt er í sögunni, nú nýlega í tilfelli Íraks.

Þá er ekki endilega mikið samræmi í því hvaða þjóðir eru beittar viðskiptaþvingunum af vestrænum ríkjum. Þannig er til dæmis erfitt að átta sig á andstöðu þeirra flokka er nú skipa ríkisstjórn Íslands við aðgerðir Reykjavíkurborgar gegn fyrirtækjum í landnemabyggðum í Ísrael á seinastliðnu ári. Ég hef fullan skilning á því ef Þorvaldur telur lítið samræmi í afstöðu Íslendinga til ýmissa deilumála um heim allan en þar er ekki við Vinstrihreyfinguna – grænt framboð að sakast sem hefur aldrei farið með forræði yfir utanríkismálum í ríkisstjórn Íslands.

**Horfa verður á heildarmyndina**

Almennt séð verður að undirstrika að við í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði teljum mjög mikilvægt að standa vörð um fullveldi þjóða og erum ekki sátt við að landamærum ríkja sé breytt í skjóli hervalds, eins og í raunin var á Krímskaga. Þó að vissulega hafi verið leitað eftir vilja íbúanna í þjóðaratkvæðagreiðslu voru aðstæður þegar hún var framkvæmd ekki ákjósanlegar. Hins vegar er útþensla Atlantshafsbandalagsins í Austur-Evrópu síður en svo æskileg þróun og ekki líkleg til að stuðla að friði á þessu svæði.

Það nægir ekki að tala einungis um samstöðu vestrænna ríkja í þessu dæmi heldur verður að horfa á heildarmyndina, þar er mikilvægast að leita leiða til að finna pólitíska lausn á deilum Rússlands og Úkraínu. Viðskiptaþvinganir hafa gagnast í undantekningatilfellum en koma sjaldnast í stað pólitískra lausna. Þær ófriðarhorfur sem víða eru í heiminum um þessar mundir ættu að vera sérstakur hvati til að leita friðsamlegra lausna sem víðast. Fyrirvari minn við þetta mál snýst um að við þurfum að meta hvort viðskiptaþvinganir sem þessar leiði til friðsamlegra lausna. Allt hefur þetta þó þegar komið fram í fréttum.

# Af hverju er sjúkrahótel ekki eins og hver annar bisness?



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

**Við eigum ekki að feta þá leið sem Svíar eru nú að snúa af með hraði. Fjárfestar, sem vilja arð af sínu fé, eiga að fjárfesta annars staðar en í heilbrigðisþjónustu og menntamálum.**

Nýlega skapaðist umræða um sjúkrahótelið í Ármúla og henni er ekki enn lokið. Sú umræða beinir kastljósinu að mikilvægari spurningu, sem er hvort og þá hvernig einkaaðilar skuli sinna grundvallarþjónustu eins og heilbrigðisþjónustu. Allir virðast sammála um að einkaaðilar skuli ekki reka sjúkrahús, en einkaaðilar sinna hins vegar ýmiskonar heilbrigðisþjónustu á Íslandi á ólíkum forsendum og oft með ágætum.

Ég hef þegar gert grein fyrir athugasemdum mínum við samninginn um sjúkrahótelið í Ármúla. Höfuðatriði gagnrýni minnar voru svo staðfest í fréttum dagana á eftir: Það var ekki nægjanlega vel staðið að útboðsgögnum fyrir síðustu endurnýjun samningsins. Þarfir Landspítalans eru ekki í forgrunni þannig að sérfræðingar spítalans geta ekki ráðstafað því fólki inn á sjúkrahótelið sem það telur í mestri þörf og dæmi eru um að almennur hótelrekstur hafi haft forgang gagnvart sjúkrahótelshlutverkinu.

**Heilbrigði eini hagnaðurinn**

Við getum lært ýmislegt af reynslu Svía af samningum við einkaaðila í heilbrigðisþjónustu. Hún er um margt ágæt og víða hefur vel tekist til við samninga við fyrirtæki í eigu starfsfólks um rekstur heilsugæslu. En reynslan af samningum við einkafyrirtæki, sem rekin eru í hagnaðarskyni, er ekki góð. Ástæðan er einföld. Þau þurfa, eðli málsins samkvæmt, að skila eigendum sínum arði og ef þau geta valið um að halda fullri þjónustu eða skera niður og skila hagnaði sem hægt er að greiða út sem arð, sýnir reynslan að þau velja hið síðara.

Það er enda engin glóra í því fyrir fjárfesta að fjárfesta í fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu ef það skilar ekki arði með sambærilegum hætti og aðrar fjárfestingar. En ef arður er greiddur úr slíkum fyrirtækjum fer það fé augljóslega ekki til þjónustu við fólk, heldur út úr heilbrigðisþjónustunni. Þess vegna stefna Svíar nú að því að takmarka möguleika slíkra félaga til að greiða arð úr félaginu og skylda þau til að endurfjárfesta arði í rekstrinum.

**Förum skynsömu leiðina**

Í nýrri stefnumörkun sænsku ríkisstjórnarinnar, undir forystu jafnaðarmanna, felst ekki nein óbeit á samningum við einkaaðila. Þvert á móti er talað um mikilvægi þess að félög, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, geti áfram komið að slíkum rekstri, því þau hafi oft staðið að merkilegum nýjungum og framþróun. Þá er reynsla af einkarekstri heilsugæslu víða góð. En reynslan af samningum við fyrirtæki sem rekin eru í hagnaðarskyni er ekki góð.

Það er af þessari ástæðu sem ég hef sagt að við eigum að hafa opinberan rekstur í forgangi, og koma alfarið í veg fyrir að hægt sé að semja við fyrirtæki í eigu annarra en starfsmanna um heilbrigðisþjónustu. Við eigum ekki að feta þá leið sem Svíar eru nú að snúa af með hraði. Fjárfestar, sem vilja arð af sínu fé, eiga að fjárfesta annars staðar en í heilbrigðisþjónustu og menntamálum.

VIÐURKENNT BÓKARANÁM

FYRIR ÞÁ SEM VILJA LÁTA HLUTINA STEMMA

KREFJANDI ÞRIGGJA ANNA NÁM Í BÓKHALDI ÞAR SEM KENNT ER FRÁ GRUNNI AÐ VOTTUN SEM VIÐURKENNDUR BÓKARI. GÓÐ STARFSTÆKIFÆRI.




HEFST 15. FEBRÚAR

BÆÐI KVÖLD- OG MORGUNNÁM Í BOÐI.

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðlegg prófamiðstöð.

www.ntv.is

ntv
Nýi tölvu-og viðskiptaskólinn



## Alfreð spilar í sjöunda landinu á sex árum

**2009 og 2010**
Breiðablik á Íslandi
**27** mörk í **39** leikjum

**2010-11 og 2011-12**
Lokeren í Belgíu
**4** mörk í **22** leikjum

**Sumar 2012**
Helsingborg í Svíþjóð
**12** mörk í **17** leikjum

**2012-13 og 2013-14**
Heerenveen í Hollandi
**53** mörk í **65** leikjum

**2014–15**
Real Sociedad á Spáni
**2** mörk í **23** leikjum

**2015-16**
Olympiacos í Grikklandi
**1** mark í **7** leikjum

2016
**Augsburg í Þýskalandi**
Liðið er í 12. sæti þýsku deildarinnar en hefur ekki tapað í síðustu sjö leikjum (4 sigrar, 3 jafntefli). Hollenski varnarmaðurinn Paul Verhaegh er markhæstur með 5 mörk .

# Mjög góður afmælisdagur hjá Alfreð

**27 ára afmælisdagurinn var eftirminnilegur fyrir íslenska landsliðsmanninn Alfreð Finnbogason sem hélt upp á daginn með því ganga frá lánsamningu við Augsburg í þýsku Bundesligunni. Hann er að fara spila í sjötta landinu á fimm árum.**

**FÓTBOLTI** Afmælisdagurinn var langur en ánægjulegur fyrir íslenska landsliðsmanninn Alfreð Finnbogason sem sé nú von um að fá að spila reglulega eftir ósanngjarna og furðulega meðferð sem hann fékk sem leikmaður gríska liðsins Olympiacos.

„Þetta er tvöföld gleði,“ sagði Alfreð Finnbogason þegar Fréttablaðið náði í hann í gærkvöldi en þá var hann á leið inn í afmæliskvöldverð á veitingastað í Augsburg í Þýskalandi eftir strembinn dag.

„Janúar er búinn að vera mjög erfiður mánuður. Það er búið að vera mikið um sveiflur varðandi lið og áhuga, kannski allt að gerast eina stundina en svo ekki neitt. Mikil streita fylgdi síðustu dögum, ekki á líkama heldur meira á sálina. Ég er því mjög ánægður að þetta sé búið og ég geti farið aftur að hugsa um að spila fótbolta,“ sagði Alfreð.

### Vonbrigði á vonbrigði ofan

„Ég fór á láni til Olympiacos til að spila leiki en var ekki að spila leiki. Ég var búinn að gera allt sem ég gat gert á þessum tveimur mánuðum og ég sá enga von um breytingu á þeirri stöðu þar sem að sami þjálfari yrði áfram með liðið. Ég er mjög ánægður með þessa lendingu því ég tel að ég eigi góða möguleika á því að spila hérna. Númer eitt, tvö og þrjú fyrir mér þá snýst þetta um að fá að spila leiki og að komast aftur í gang,“ sagði Alfreð.

„Það er búið að reyna ansi mikið á mig og það er alltaf erfitt að fá vonbrigði ofan á vonbrigði en maður þarf bara að trúa á sjálfan sig. Þegar ég fæ vonandi að spila þá ætla ég mér að sýna það inn á vellinum að menn hafi haft rangt fyrir sér,“ sagði Alfreð.

„Mér gekk í raun mjög vel í þessum leikjum sem ég spilaði með Olympiacos. Þegar ég spurði menn af hverju ég væri ekki að spila meira þá var voðalega lítið um svör. Það er mikilvægast á þessum árum og sérstaklega með sumarið í huga að vera að spila leiki og vera í toppstandi,“ sagði Alfreð sem verður í sviðsljósinu með íslenska landsliðinu á EM í Frakklandi næsta sumar.

### Langt frá því að vera sanngjarnt

Hápunktur Alfreðs hjá gríska félaginu Olympiacos var þegar hann tryggði liðinu sigur á Arsenal í Meistaradeildarleik á Emirates. Alfreð var slegið upp á forsíðum allra grísku blaðanna og stuðningsmennirnir tóku hann tímabundið í guðatölu. Vandamálið að markið og innkoman hafi lítið sem engin áhrif á spilatímann. Hann fékk áfram fá eða engin tækifæri með Olympiacos.

„Mér fannst þetta langt frá því að vera sanngjarnt og ég ræddi þetta við þjálfarann. Það breytti voðalega litlu en það þýðir lítið að væla yfir því. Ég horfi bara björtum augum á það sem koma skal og það skiptir öllu. Það sem er búið er búið,“ segir Alfreð sem er reyndari á eftir.

„Maður lærir rosalega mikið á þessum erfiðu tímum og ég tel mig vera betri leikmann eftir þetta eina og hálfa ár eftir að hafa upplifað ýmsa hluti. Núna geta ég sýnt það í verki inn á vellinum,“ sagði Alfreð. Hann hefur nú spilað í Belgíu, Svíþjóð, Hollandi, Spáni og í nú síðast í Grikklandi.

### Þýski boltinn hentar honum

„Ég tel að Augsburg og þýski boltinn henti mér. Það er margt sem passar en þetta er lítill klúbbur sem er að spila sitt fimmta ár í röð í Bundesligunni. Þeir eru að festa sig í deildinni og náðu ótrúlegum árangri í fyrra með því að enda í fimmta sæti og komast í Evrópudeildina,“ sagði Alfreð sem hefur verið inn á borði hjá þessu þýska félagi í dágóðan tíma.

„Þeir eru búnir að hafa áhuga á mér lengi og ég þekki fólkið hjá klúbbnum vel enda búin að þekkja þau í tvö til þrjú ár. Það er sama fólk að vinna þarna og sami þjálfari og þegar þau höfðu fyrst áhuga á mér. Það hafði mikið að segja. Ég er líka fenginn hingað til að spila og þetta passaði því allt fyrir mig,“ sagði Alfreð.

### Spilar ekki á móti Liverpool

Það er bara ein pínulítill svartur blettur á félagsskiptunum því Alfreð má ekki spila með Augsburg á móti Liverpool í 32 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.

„Olympiacos er í Evrópudeildinni og því fæ ég ekki að spila. Ef Olympiacos hefði dottið út eða verið áfram í Meistaradeildinni þá hefði ég getað spilað. Það er svekkjandi en ekkert við því að gera, því miður,“ segir Alfreð.

„Bundesligan er rosalega flott deild og sú deild þar sem mig langaði mest að spila þegar ég fór frá Hollandi. Ég var með augum á henni af því að ég taldi að hún myndi henta mér. Það passaði ekki fjárhagslega fyrir þau þýsku lið sem höfðu áhuga á mér þá að kaupa mig þá. Oft þarf maður að fara krókaleiðir að markmiðunum,“ sagði Alfreð. Hann hefur ekki áhyggjur af líkamlega þættinum þrátt fyrir fáar mínútur.

„Þó að ég hafi ekki spilað marga leiki þá er ég í mjög góðu formi sem ég hef sýnt þegar ég hef spilað. Nú er bara að fá að spila reglulega og það er það sem við viljum allir gera,“ sagði Alfreð. 27. afmælisdagurinn er örugglega með þeim eftirminnilegri á ævinni.

### Í læknisskoðun klukkan sex

„Þessi dagur er búinn að vera mjög langur og erfiður en um leið mjög skemmtilegur. Ég vaknaði klukkan sex í morgun til að fara í læknisskoðun og enda þetta síðan á góðum veitingastað í Augsburg. Þetta var því mjög góður afmælisdagur,“ sagði Alfreð að lokum.

ooj@frettabladid.is

## Nýjast

**VALSMENN FARA TIL EYJA**
Sextán liða úrslitum Coca Cola bikars karla í handbolta lauk í gærkvöldi 63 dögum eftir að þau hófust 30. nóvember síðastliðinn. ÍBV var áttunda og síðasta liðið inn í átta liða úrslitin þar sem liðið tekur á móti Val í næstu viku. ÍBV vann 37-25 sigur á HK í gær þar sem Theodór Sigurbjörnsson skoraði 13 mörk. Valsmenn voru búnir að bíða í ellefu daga eftir að fá að vita hverjir mótherjarnir yrðu í baráttunni um sæti á bikarúrslitahelginni í Laugardalshöllinni 25. til 27. febrúar næstkomandi.

**FRÁBÆR VIKA VARÐ ENN BETRI**
Íslenski landsliðsmaðurinn Martin Hermannsson átti frábæra viku með körfuboltaliði LIU Brooklyn skólans og hann var í gær valinn leikmaður vikunnar í NEC-deildinni. Martin Hermannsson var með 21,5 stig, 7,0 stoðsendingar, 5,5 fráköst og 3,5 stolna að meðaltali í leikjum LIU Brooklyn í vikunni. Hann nýtti ennfremur 52,1 prósent skota sinna og 80 prósent vítaskotanna. Þetta er í annað skiptið í vetur sem hann fær þessa flottu viðurkenningu.



**ÍBV OG VALUR VEÐJA BÆÐI Á UNGA DANSKA FRAMHERJA**
Valur og ÍBV sömdu bæði við danska framherja í gær en þeim er ætlað að skora mörkin fyrir liðin á komandi tímabili í Pepsi-deildinni. Hinn 22 ára gamli Nikolaj Hansen verður arftaki Patrick Pedersen hjá Val en Pedersen fékk gullskóinn 2015. Hinn tvítugi Mikkel Maigaard Jakobsen gerði tveggja ára samning við ÍBV en Jakobsen skoraði þrennu á dögunum í 4-2 sigri ÍBV á Víkingi Ó. í Fótbolta.net mótinu og var síðan aftur á skotkónum á móti KR í úrslitaleik mótsins í gær.



**HLYNUR INN ÚR KULDANUM**
Íslenski landsliðsmaðurinn Hlynur Bæringsson má spila á ný með Sundsvall Dragons í sænsku úrvalsdeildinni í körfubolta en hann var ásamt erlendu leikmönnum Sundsvall Dragons settur í bann þar sem félagið hafi ekki gert upp dómaralaun við sænska sambandið. Hlynur var ekki með þegar Sundsvall tapaði á heimavelli á móti botnliði ecoÖrebro en íslenski landsliðsfyrirliðinn var með 18,3 stig og 13,3 fráköst að meðaltali í þremur síðustu leikjum sínum fyrir bannið.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **19.45** | **Norwich - Tottenham** | Sport 5 |
| **19.45** | **Sunderl.-Man.City** | Sport 4 |
| **19.45** | **Arsenal - Southamp.** | Sport 3 |
| **19.45** | **Leicester - Liverpool** | Sport 2 |
| **19.45** | **West Ham - A. Villa** | Sport 6 |
| **20.00** | **WBA - Swansea** | Bravó |
| **20.00** | **Man. Utd.-Stoke** | Sport 3 |

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

## Hugað að tannheilsu

**Embætti landlæknis og Tannlæknafélag Íslands standa fyrir árlegri tannverndarviku 1.–7. febrúar. Nauðsynlegt er að gíra niður sælgætisát Íslendinga og brýnt að rannsaka stöðu tannheilsu í landinu.** **SÍÐA 2**





Íslendingar fara ekki varhluta af sólarleysinu og þess vegna er nauðsynlegt að fá D-vítamín í kroppinn.

# VANTAR ÞIG SÓL Í KROPPINN?

**ARTASAN KYNNIR** D lúx 1000 og 3000 sem er fyrsta D-vítamínið á markaðnum í munnúðaformi. Því er úðað undir tungu og þannig er hámarks upptaka tryggð en það seytlar gegnum þunna slímhúðina inn í blóðrás líkamans.

D-vítamínskortur er afar algengur í vestrænum löndum en hann getur haft mjög alvarlegar afleiðingar til lengri tíma og skiptir þetta vítamín t.a.m. sköpum fyrir heilbrigt ónæmiskerfi og sterkar tennur og bein. Rannsóknir gefa þó til kynna að það gegni mun víðtækara hlutverki en talið var og það það sé í raun grundvallarefni til að viðhalda heilsu og fyrirbyggja sjúkdóma. Vitað er um a.m.k. 100 mismunandi sjúkdómseinkenni eða sjúkdóma sem tengjast D-vítamínskorti.






> Bragðgóð spreyin eru afar handhæg og elska bæði börn og fullorðnir að úða þessu upp í sig og fá gott piparmintubragð í munninn.
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi

Í gegnum þróunarsöguna hefur sólin verið meginuppspretta D-vítamíns en í dag þegar fólk notar meiri sólarvörn, forðast sólina eða býr þar sem ekki er næg sól er skortur á D-vítamíni mjög algengur. Íslendingar fara ekki varhluta af sólarleysinu og því er það sérlega mikilvægt að við pössum upp á að taka inn D-vítamín.

Bragðgóð spreyin eru afar handhæg og elska bæði börn og fullorðnir að úða þessu upp í sig og fá gott piparmintubragð í munninn. D lúx spreyin henta flestum en þau eru í tveimur styrkleikum, 1000 eða 3000 alþjóðlegar einingar í hverjum úða. Glasið inniheldur 3ja mánaða skammt.

Skv. Landlæknisembættinu eru efri mörk ráðlagðrar neyslu 100 µg á dag (4000 AE) fyrir fullorðna, 50 µg (2000 AE) fyrir börn eldri en eins árs að tíu ára aldri og 25 µg (1000 AE) fyrir ungbörn að eins árs aldri.




ÚTSÖLU-
SPRENGJA
50% - 70%
AFSLÁTTUR
SÍÐASTA ÚTSÖLUVIKA
VETRARYFIRHAFNIR,
GERRY WEBER
BETTY BARCLAY
GÆÐAFATNAÐUR
Skoðið laxdal.is
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422
Vertu vinur á Facebook



NÝTT FAJITAS QUESADILLA
Kynningartilboð ~~1.690~~ 1.290kr



FRÉTTABLAÐIÐ

59,9%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Skv. prentmiðlakönnun Gallup, okt.– des. 2015.




Allt sem þú þarft ...



Foreldrar þurfa að vera góðar fyrirmyndir fyrir börnin sín. Þá er mælt með að foreldrar aðstoði börnin við tannburstun allt til tíu ára aldurs. NORDICPHOTOS/GETTY

# NAMMIDAGARNIR HEYRI SÖGUNNI TIL

Embætti landlæknis og Tannlæknafélag Íslands standa fyrir árlegri tannverndarviku 1.–7. febrúar. Nauðsynlegt er að gíra niður sælgætisát Íslendinga og brýnt að rannsaka stöðu tannheilsu í landinu.

„Kjörorð tannverndarvikunnar er hreinar tennur – heilar tennur en í ár er vikan helguð því að hvetja landsmenn til að þess að bursta tennur með flúortannkremi að lágmarki tvisvar á dag í tvær mínútur og aðstoða börn til 10 ára aldurs,“ segir Hólmfríður Guðmundsdóttir tannlæknir hjá Embætti landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis. Hún segir margt mega betur fara þegar kemur að tannheilsu Íslendinga en einnig sé ýmislegt jákvætt í spilunum líkt og samningurinn um gjaldfrjálsa tannlæknaþjónustu til barna.



Hólmfríður Guðmundsdóttir tannlæknir hjá Embætti landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. MYND/PJETUR



Ásta Óskarsdóttir formaður Tannlæknafélags Íslands.

### NÁ TIL FLEIRI BARNA Á HVERJU ÁRI

„Í ár bætast öll börn sem verða sex og sjö ára í hóp þeirra barna sem fá gjaldfrjálsa tannlæknisþjónustu. Þar með eru tannlækningar barna frá sex til og með 17 ára auk þriggja ára barna greiddar að fullu af Sjúkratryggingum Íslands, að frátöldu 2.500 kr. árlegu komugjaldi,“ útskýrir hún en á næsta ári bætast 4 til 5 ára börn við.

### 16 PRÓSENT ÁN HEIMILISTANNLÆKNIS

Forsenda gjaldfrjálsra tannlækninga er að börnin hafi skráðan heimilistannlækni. „Um miðjan janúar voru tæplega 6.700 grunnskólanemendur eða um 16% ekki með skráðan heimilistannlækni,“ segir Hólmfríður sem telur þessa tölu vel skiljanlega, til dæmis séu sex og sjö ára börn aðeins nýlega komin inn í kerfið. „Vonandi náum við til þessa hóps á þessu ári,“ segir hún og bendir á að hjá eldri börnum sé hlutfallið komið yfir níutíu prósent. „Ég vil hins vegar setja stefnuna á hundrað prósent,“ segir hún.

„Það eru ákveðin tímamót núna því við getum lesið beint í sjúkraskrárkerfi heilsugæslunnar fjölda og upplýsingar um þau börn sem eru ekki með skráðan tannlækni,“ segir Hólmfríður og telur að það muni hjálpa til við að ná þessum metnaðarfullu markmiðum.

### VILL EKKI NAMMIDAGA

Hólmfríður segir bráðnauðsynlegt fyrir Íslendinga að gíra niður nammiátið. „Það vegur þungt í okkar samfélagi hve mikið er borðað af sælgæti,“ segir Hólmfríður sem er alveg á móti nammidögum og telur mun skárra að fá sér einstöku sinnum sælgæti í lok máltíðar fremur en að úða í sig sælgæti í miklu magni einu sinni í viku. „Á Íslandi ríkir hálfgert laugardagsfár þar sem virðist ætlast til að borðað sé nammi. Verslunin hefur líka ýtt undir þetta með alls kyns tilboðum og auglýsingum,“ segir hún og telur tíma til kominn að taka á þessum vanda.

> Mín tilfinning er sú að tannheilsan hafi batnað mikið og að við séum að ná að skila krökkum vel út í fullorðinsárin í dag.
>
> Ásta Óskarsdóttir formaður Tannlæknafélags Íslands

### BRÝNT AÐ RANNSAKA TANNHEILSU

Árið 2005 var gerð Munnís rannsókn á tannheilsu barna á Íslandi. Niðurstaða hennar var sú að íslensk 12 ára börn voru með tvöfalt fleiri tannskemmdir en samanburðarhópur í Svíþjóð. Í framhaldi af því skapaðist mikil umræða og gripið var til ýmissa ráðstafana til dæmis þeirra að gera samninga um gjaldfrjálsa tannlæknaþjónustu fyrir börn.

En hvernig er staðan á tannheilsu íslenskra barna í dag? „Þar sem ekki hefur verið gerð rannsókn síðan árið 2005, getum við því miður ekki svarað því með nákvæmum hætti. Hins vegar segir mín tilfinning að tannheilsan hafi batnað töluvert og að við séum að ná að skila krökkum vel út í fullorðinsárin í dag,“ segir Ásta Óskarsdóttir formaður Tannlæknafélags Íslands. Hún telur afar jákvætt að yfir níutíu prósent krakka séu með skráðan heimilistannlækni. „Við erum samt að reyna að ná til allra barna og nú er t.d. verið að reyna að ná til þeirra 250 krakka í 10. bekk á landinu sem enn hafa ekki skilað sér.“

„Ég finn líka fyrir mun minni áhyggjum hjá foreldrum sem áður voru ekki vissir um að eiga fyrir viðgerðinni,“ segir Ásta og bendir á að áður hafi margir foreldrar því miður beðið of lengi með að koma með börnin til tannlæknis en það sé undantekning í dag.

En hvað með fjölda skemmda? Fer þeim fækkandi? „Ég get lítið sagt til um það. Við höfum vissulega lagt meiri áherslu á forvarnir og mér sýnist það vera að skila sér en það þarf að fá nákvæmari tölur til að svara þessu,“ segir Ásta og telur brýnt verkefni að setja af stað nýja rannsókn til að mæla tannheilsu í landinu. **solveig@365.is**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# BÍLAR



Dýrt er núorðið að brjóta framrúðu.

# FRAMRÚÐUSKIPTI DÝR VEGNA NÝRRAR TÆKNI

**Mikill öryggis- og þægindabúnaður er tengdur í framrúður nýtísku bíla og það krefst verkkunnáttu að tengja hann allan aftur. Eitthvað sem ekki var nauðsynlegt fyrir örfáum árum en er mikilvægt nú.**

Margs konar nýtísku tæknibúnaður og öryggiskerfi í bílum hafa gert framrúðuskipti bæði erfið, flókin og dýr. Eftir framrúðuskipti er mikilvægt að ganga frá og stilla skynjara og myndavélar í nýju framrúðunni rétt svo allt virki eins og áður.

### Mikill búnaður tengdur í framrúðu

Í nýjum og nýlegum bílum er búnaður eins og regnskynjari, vegaskiltalesari, radar- eða myndavélaraugu sem lesa kant- og miðlínur á yfirborði vega. Búnaðurinn getur nauðhemlað ef hindrun er framundan og ökumaður bregst ekki við. Hann getur stjórnað hraða bílsins og fjarlægð í næsta bíl fyrir framan ef kveikt er á skynvæddum skriðstillinum. Allur þessi búnaður sem fyrir fáum árum þótti sem fjarlægur framtíðardraumur er löngu kominn í bílana og gerir sannarlega sitt gagn. En gamanið kárnar verulega ef framrúðan brotnar og reikningurinn fyrir rúðuskiptin birtist.

### Getur tvöfaldað kostnaðinn

Algengt grunnverð á nýrri framrúðu í bíl er frá um 100 þúsund krónum. En ef um er að ræða að koma skynjurunum fyrir aftur, tengja þá og/eða endurstilla eða endurforrita svo búnaðinn, getur kostnaðurinn auðveldlega tvöfaldast. Steinvalan sem skaust undan bílhjóli í rúðuna hjá manni getur því orðið ærið dýr þegar upp er staðið. Framrúða er í dag annað og meira en venjuleg glerrúða. Nútíma framrúður eru hljóð- og hitaeinangrandi, þær sía tiltekin ljóstíðnisvið sólarljóssins til þæginda fyrir þá sem í bílnum eru. Inni í glerinu geta svo verið hitavírar og stundum líka loftnetsvírar.

### Krefst verkkunnáttu

Því til viðbótar er margskonar tæknibúnaður inni í glerinu, eins og endurvarp hraðamælis og allskonar annarra upplýsinga. Hluti framrúðunnar sem snýr að ökumanni er þannig eins konar sjónvarpsskjár og þá eins gott að þeir sem skipta um rúðuna ef hún brotnar, kunni til verka og geti endurstillt allan þennan búnað í nýju rúðunni. Það eru einmitt þessar endurstillingar og uppfærsla hugbúnaðar sem getur hækkað vinnuliðinn hvað mest.

### Gagnslaus búnaður

Ef skipta þarf um framrúðuna er því mikilvægt að þeir sem það geri viti sínu viti. Sá öryggisbúnaður sem nefndur hefur verið og er í og á framrúðunni er vissulega ágætur og enginn vafi á að hann getur stórminnkað hættu á slysum. En til þess þarf hann að virka rétt. Búnaðurinn er gagnslaus ef hann er óvirkur að meira eða minna leyti og ergilegt að þeir sem skiptu út rúðunni reynist síðan ekki kunna að koma búnaðinum aftur í gang.





Giant-Alpecine liðið í hjólreiðum.

# Ók niður heilt hjólalið á Spáni

Bretar aka jú vinstra megin í umferðinni en það eiga þeir ekki að gera í öðrum löndum Evrópu þar sem er hægri umferð. Svo virðist sem einn breskur túristi hafi ekki alveg áttað sig á þessu þar sem hann ók bíl á vinstri helmingi og tók í leiðinni niður 6 atvinnuhjólreiðamenn úr liðini Giant-Alpecin nálægt borginni Calpe á Spáni. Þeir voru allir fluttir á spítala en enginn þeirra virðist þó hafa slasast mjög alvarlega. Hjólreiðamennirnir sem urðu fyrir bíl Bretans eru John Degenkolb, Warren Barguil, Chad Haga, Fredrik Ludvigsson, Max Walscheid og Ramon Sinkeldam. Þjóðverjinn John Degenkolb er þeirra frægastur og þekktur meðal hjólreiðaáhugmanna. Afar litlar líkur eru til þess að hann geti keppt í komandi Paris-Roubaix hjólreiðakeppni, sem hann vann í fyrra, en til stóð að hann reyndi að verja titil sinn þar. Hann vann einnig Milan-San Remo keppnina í fyrra, sem og Saitama Criterium keppnina í Japan. Degenkolb hefur samtals unnið 9 dagleiðir í hinni þekktu Vuelta-hjólreiðakeppni á Spáni, sem fram fer ár hvert.

# Toyota að eignast Daihatsu að fullu en átti 51% áður

Toyota hefur í huga að kaupa upp restina af hlutabréfum í Daihatsu en Toyota hefur átt meirihlutann í bílaframleiðandanum frá árinu 1998. Ef Toyota eignast að fullu Daihatsu getur Toyota meira stýrt markaðssetningu ódýrra bíla Daihatsu inn á ákveðna lágverðsmarkaði og greint skýrar á milli ódýrra bíla Daihatsu og dýrari bíla Toyota. Auk þess getur Toyota með því lækkað kostnað í herbúðum Daihatsu, m.a. með magninnkaupum. Heyrst hefur að Toyota ætli í samstarfi við Suzuki að kaupa restina í Daihatsu og fá með því betri aðgang að stóra bílamarkaðnum í Indlandi, þar sem Suzuki er með ráðandi stöðu. Toyota hefur hins vegar neitað því að eiga í samstarfi við Suzuki í kaupum á Daihatsu. Toyota keypti fyrst hlut í Daihatsu árið 1967, en á nú 51,2% hlut.

### Myndi nota Daihatsu eins og Renault notar Dacia

Ef að Toyota kaupir Daihatsu myndi Toyta nota merki Daihatsu líkt og Volkswagen gerir með Skoda og Seat merkin, Nissan gerir með Datsun og Renault gerir með Dacia. Það gæti orðið stórt vopn í baráttunni við Suzuki í Indlandi en margir bílaframleiðendur horfa til þess stóra markaðar en verða að bjóða ódýra bíla þar til að eiga einhvern séns. Við þessar fréttir um hugsanleg kaup Toyota á Daihatsu og mögulegt samstarf við Suzuki um kaupin hækkuðu bréfin í Daihatsu um 16% í gær, um 11% hjá Suzuki og um 3,8% hjá Toyota. Sala Daihatsu bíla minnkaði í fyrra um 13,3%, en varð þó til þess að heildarsala Toyota varð 10,15 milljónir bíla í fyrra, hærri en 9,93 milljóna bíla sala Volkswagen.

### Daihatsu með sterka stöðu á nokkrum mörkuðum

Daihatsu er með hæstu markaðshlutdeild mjög lítilla bíla (bílar með minna en 0,66 lítra vélar, eða „kei cars“) í Japan með 31% markaðshlutdeild og er einnig með ráðandi stöðu í SA-Asíu og hefur verið söluhæsti bílaframleiðandinn í Indónesíu síðastliðin 9 ár. Daihatsu rekur sögu sína til ársins 1907 og er með höfuðstöðvar í Osaka, næststærstu borg Japans.



Daihatsu Kopen.



# Jerry Seinfeld selur 3 Porsche

Jerry Seinfeld er mikill bílasafnari og á vænlegt safn verðmætra dýrgripa, margra hverra af eldri gerðinni. Hann hefur nú ákveðið að selja 3 þeirra, alla af Porsche gerð. Þetta eru 1955 árgerðin af Porsche 550 Spyder, 1958 árgerðin af Porsche 356 A GS/GT Carrera Speedster og 1974 árgerðin af Porsche 911 Carrera 3,0 IROC RSR. Sá fyrstnefndi er metinn á 6 milljónir dollara, 550 Spyder er bíllinn á 2,5 milljónir dollara og sá síðastnefndi á um 1 milljón dollara. Samtals um 9,5 milljónir dollara, eða 1,24 milljarða króna. Bílarnir verða boðnir upp á Amelia Island Auction uppboðinu sem haldið er af Gooding & Company þann 11. mars næstkomandi. Að sögn Jerry Seinfeld er ástæðan fyrir sölu þessara bíla einfaldlega sú að hann kýs að aðrir fái að njóta þeirra.



Toyota Corolla er lang söluhæsti einstaki bíll heims frá upphafi.

# TOYOTA COROLLA TVÖFALT SÖLUHÆRRI EN BJALLAN

**Toyota Corolla hefur selst í 42,5 milljónum eintaka, en bjallan í 21,5 milljónum. Ford T-Model seldist í 16,5 milljón eintökum.**

Þrjár af söluhæstu bílgerðum heims frá upphafi eru Ford T-Model, Volkswagen Bjallan og Toyota Corolla. Ford T-Model seldist í 16,5 milljón eintökum á árunum 1908 til 1927 og var söluhæsta bílgerð heims allt að árinu 1972 er Volkswagen bjallan tók krúnuna, en hún hefur selst í 21,5 milljónum eintaka. Þessar tvær bílgerðir eiga þó lítið í Toyota Corolla sem enn er í framleiðslu, allt frá árinu 1966 og hefur selst alls í 42,5 milljónum eintaka og selst nú á hverju ári í um einni milljón eintaka. Það gæti því orðið löng bið að einhver önnur bílgerð nái Toyota Corolla.

### Bjallan breyttist sáralítið

Rétt er þó að hafa í huga að Toyota Corolla hefur breyst gríðarlega mikið með þeim 12 kynslóðum bílsins sem komið hafa á markað. Bjallan hins vegar breyttist sáralítið allan sinn líftíma og hægt væri að setja yfirbyggingu síðustu árgerðar bjöllunnar á undirvagn þeirrar fyrstu. Einhverra hluta vegna er ein afar söluhá bílgerð almennt ekki talin með er kemur að söluhæstu bílgerðum heims en það er Ford F-150 pallbíllinn sem framleiddur hefur verið frá árinu 1948 og selst enn í um 800.000 eintökum á hverju ári. Hann hefur selst í um 38 milljón eintökum frá upphafi og gæti því talist með réttu næst mest selda bílgerðin á eftir Toyota Corolla. Ford F-150 hefur verið söluhæsta bílgerð Bandaríkjanna á hverju ári síðastliðin 33 ár.

### Söluhæstir hjá nokkrum framleiðendum

Af söluhæstu bílgerðum einstakra bílaframleiðenda má nefna sem dæmi að Citroën seldi 3.872.583 eintök af Citroën 2CV á árunum 1948-1990. Fiat seldi 8,8 milljónir af Fiat Uno á árunum 1983 til 2004. Lada hefur selt 13,5 milljónir af Niva fólksbílnum sem svo algengur var á götum Íslands hér á árum áður. Opel hefur selt yfir 18 milljónir af Corsa bíl sínum frá 1982. Renault hefur selt 8,5 milljónir af Clio frá 1991. Porsche hefur selt um 850.000 af 911 bílnum frá 1963. Trabant seldist í 3 milljónum eintaka frá 1957 til 1991. Volkswagen hefur selt um 32 milljónir eintaka af Golf frá 1974 til dagsins í dag. Volvo seldi 2.862.573 eintök af 200-seríunni á árunum 1974 til 1993 og líklega þá mest af 244 gerðinni.

# Renault Zoe mest seldi rafmagnsbíll Evrópu

Renault Zoe seldist í 18.453 eintökum í Evrópu á síðasta ári og var söluhæsti einstaka rafmagnsbíll álfunnar. Heildarsala Zoe í heiminum öllum var 23.086 og var hann ekki söluhæsti rafmagnsbíll heims þar sem til dæmis Nissan Leaf og Tesla Model S seldust í mun fleiri eintökum. Renault Zoe var langsöluhæsti rafmagnsbíll Frakklands, með 48,1% markaðshlutdeild. Síðasta útgáfa Renault Zoe kemst 240 km á fullri hleðslu og jókst drægni hans um 25 kílómetra frá fyrri gerð bílsins. Renault hefur selt alls 62.228 rafmagnsbíla frá árinu 2010. Heildarsala rafmagnsbíla í Evrópu á síðasta ári var 97.687 bílar og jókst um 47,8% frá árinu áður. Engu að síður er það aðeins 0,61% af heildarsölu bíla í Evrópu í fyrra. Ef rafmagnsbílasala vex jafn hratt á þessu ári og því síðasta má búast við um 145.000 bíla sölu og að rafmagnsbílar nái um 0,9% hlutdeild í heildarsölu. Það er því langt í land að rafmagnsbílar teljist til stórrar hlutdeildar í sölu bíla og það í Evrópu, sem er þó einna móttækilegust fyrir slíkum bílum.




Söluhæstur í Evrópu en alls ekki í heiminum öllum.

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Sími 512 5457
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is




Þó Peugeot 308 hafi hlotið fjölda verðlauna út um allan heim þá eru það ekki bara verðlaunin sem skera hann frá samkeppninni. Ómótstæðilegir aksturseiginleikar, gott rými fyrir bæði farþega og farangur, eyðslugrannar og endingargóðar vélar*, hvort sem er dísil eða bensín, með eldsneytiseyðslu frá 3,1L/100km og $CO_2$ útblástur frá 82g/km, þá eru þetta eiginleikar sem einfaldlega er erfitt og nær ómögulegt að keppa við. **Komdu og prófaðu Peugeot 308, bíl sem á sér ekki jafningja.**

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

# ALLT ÞAÐ BESTA FRÁ AUDI Á EINU BRETTI

## Þeyst um borgir, sveitir og hraðbrautir Þýskalands á sex af alöflugustu bílum Audi.

Seint á síðasta ári naut greinarritari þess að vera boðið til höfuðstöðva Audi í Ingolstadt til af prófa rjómann af bílum fyrirtækisins og þar er sko ekki í kot vísað. Þátttakendur í ferðinni höfðu nokkra daga til að reyna fjölmarga af aflmestu bílum sem Audi framleiðir á þýskum vegum. Í ferðinni var einnig boðið upp á brautarakstur á Audi R8 bílum en þar fer trompið úr smiðju Audi og var það ein mesta akstursupplifun þess er þetta ritar. Hinir bílarnir sem prófaðir voru voru þessir: Audi A8 með 8 strokka og 382 hestafla dísilvél með tveimur forþjöppum, Audi RS6 og RS7 með 560 hestafla 8 strokka bensínvélum, Audi TT S með 310 hestafla bensínvél, Audi RS Q3 með 340 hestafla bensínvél og Audi A7 með 320 hestafla og sex strokka bensínvél.

### Ótakmarkaður hraði og það skyldi nota

Þátttakendurnir skiptust á bílum og allir fengu að aka öllum bílunum, hvort sem var í bæjum, á sveitavegum eða hraðbrautum og þar voru þessir bílar sannarlega í essinu sínu. Sáust þar jafn dónalegar tölur sem 280 km á hraðamælinum, þ.e. á Audi RS6 bílnum. Algjörlega löglegt samt þar sem þar var ótakmarkaður hraði. Þessir bílar liggja allir eins og klessa á veginum og í engan þeirra skortir afl, þó svo nokkru muni á hestaflatölu þeirra. Litli bíllinn Audi TT S var hreint ótrúlega sprækur þó hann skorti 250 hestöfl á þá aflmestu, en þar sem hann er svo lítill er hröðun hans ótrúleg. Hann er þó nokkuð harður á fjöðrun, sannkallaður sportbíll. Líklega var þægilegast að aka Audi A8 bílnum með 8 strokka dísilvélina. Hann fer svo vel með mann með sína ljúfu fjöðrun og er algjör forstjórabíll, en samt svo öflugur, enda togar hann „litla“ 850 Nm og er leit að öðru eins.

### Raketturnar í hópnum

Raketturnar í hópnum voru samt Audi RS6 og RS7 bílarnir með sín 560 hestöfl. Þeir eru 3,9 sekúndur í hundraðið og endalaust tog á öllu snúningssviðinu. Þessir bílar eru hreint undur en samt sem úlfar í sauðargæru. Til að mynda er RS6 bara eins og venjulegur skutbíll, þó ansi reffilegur með sín útteknu bretti, fáránlega flottu felgur og grimman framenda. En að gefa þessum kvikindum inn, það er sér kapítuli. Best væri að geta framkallað hljóðið sem úr þeim kemur á prenti en þar sem það er ekki hægt er bara hægt að segja að hljóðið fær hvern bílaáhugamann til að fella tár af gleði. Það er þó bara byrjunin á eins áhugaverðum kynnum af bíl og kostur er. Erfitt er að finna hvar takmörkin liggja í þessum bílum og það þarf djarfan bílstjóra til að finna það út, en veggrip hans og aksturseiginleikar er engu líkir. Gaman er að segja frá því að einn nýlegur Audi RS7 er kominn á göturnar hér á landi og var hann sýndur á bílasýningu í Heklu um daginn.








### Magnaður jepplingur

Eini jepplingurinn í hópnum var enginn kórdrengur heldur, með sín 340 hestöfl. Hann er ári fljótur og þar sem hann er svo lítill og léttur fer þar ein spyrnukerran enn úr stóru vopnabúri Audi. Það var einkennilegt að sjá að leiðangursmenn kepptust ekki við að prófa lítinn 340 hestafla jeppling frá gæðasmið eins og Audi, en það væri draumur margra. Það skýrðist þó eingöngu af því úr hvaða öðrum bílum var að spila í þessari dásamlegu ferð. Þessi snaggaralegi jepplingur er aðeins 4,8 sekúndur í hundraðið og þar sem hann er lægri á vegi en hefðbundinn Audi Q3 og auk þess með stífari fjöðrun fer þar eiginlega einn sportbíllinn enn. Sjötti bíllinn í leiðangrinum var Audi A7 með sínu flotta coupelagi og þar fór nú ekki leiðinlegur fararskjóti heldur. Alls ekki leiðinleg fjölskylda þar að hitta og alveg í lagi að hendast á milli veitingastaða í Germaníu á þessum tækjum og aldrei þeim sama og síðast. Þvílíkir dagar fyrir bílaáhugamann!






# Taktu Krók á leiðarenda

Krókur  er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

**KRÓKUR**
*á þinni leið*

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

## SUZUKI VITARA

**1,4 BENSÍNVÉL, 140 HESTÖFL**
Fjórhjóladrif

**Eyðsla** 5,5 l/100 km í blönduðum akstri

**Mengun** 128 g/km CO2
**Hröðun** 10,2 sek.
**Hámarkshraði** 200 km/klst.
**Verð** 4.980.000 kr.
**Umboð** Suzuki

- Skottrými
- Efnisval innréttingar

- Vél
- Aksturseiginleikar
- Búnaður
- Verð



Suzuki Vitara S í sínu rétta umhverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# SKEMMTILEGASTA ÚTGÁFAN AF TRYGGUM JEPPLINGI SEM NÚ ER AF NÝRRI KYNSLÓÐ

Með frábærri nýrri og öflugri vél, meiri búnaði og flottari innréttingu er hér kominn mest aðlaðandi útfærsla þessarar nýju kynslóðar Vitara og hún býðst á flottu verði. Er ekki nema 1.235 kíló.

Suzuki Vitara kom af nýrri kynslóð á síðasta ári og er sem fyrr ári vel heppnaður jepplingur, enda úr smiðju framleiðanda sem ekki smíðar nema afar trausta og vandaða bíla, flesta fremur smáa. Nú er komin ný gerð þessa bíls, Suzuki Vitara S með afar sprækri en lítilli vél. Þessi vél er 1,4 lítrar, brennir bensíni og skilar 140 hestöflum með aðstoð góðrar forþjöppu. Þar sem þessi netti jepplingur er aðeins 1.235 kíló er hann afar skemmtilegur bíll með þessari vél og sportlegur í akstri. Þegar sest var upp í bílinn fyrsta sinni og lagt af stað breiddist ánægjusvipur yfir andlit ökumanns því viljugur er þessi fákur og tilbúinn að leika sér. Helsta ástæða þess er það aukaafl sem forþjappan gefur þessari vél þó sprengirýmið sé lítið.

**Togið 41% meira en minni eyðsla**

Vélin er 0,2 lítrum minni en í hefðbundinni gerð Vitara en samt togar hún 41% meira, er 20 hestöflum öflugri, en eyðir samt örlítið minna. Hér er kannski komin ein albesta birtingarmynd á notkun forþjappa í bíla og nær allir framleiðendur eru einmitt að forþjöppuvæða flesta bíla sína og í leiðinni að auka afl þeirra en minnka eyðslu. Ekki skemmir það fyrir að Vitara léttist um heil 420 kíló á milli kynslóða, en hann minnkaði reyndar örlítið einnig. Með þessari litlu vél er bíllinn orðinn enn léttari og munar þar 60 kílóum. Því er hér kominn einn alléttasti jepplingur sem í boði er og eyðsla hans endurspeglar það, en hann eyðir 5,5 lítrum í blönduðum akstri. Í reynsluakstrinum, sem oft var reyndar með sprækasta móti reyndist hann eyða um 7,5 lítrum og sá akstur var allur innan borgarmarkanna. Því er hér á ferð sparibaukur sem engu að síður er fær um að takast á við nokkra ófærð. Annað skemmtilegt við Vitara S umfram grunngerðina er að hann er stífari á fjöðruninni og enn má herða á henni með sportstillingu. Hann er að auki með næmari í stýri og úr verður bíll sem minnir á sportlegan fólksbíl.

**Minnir á Suzuki Swift Sport**

Það var ekki frá því við akstur Vitara S að annars skemmtilegs bíls Suzuki mætti líkja við hann, þ.e. Suzuki Swift Sport. Sá er einn skemmtilegasti litli bíll sem kaupa má og snaggaralegar hreyfingar hans og sportleg einkenni komu einnig í ljós í þessum jepplingi. Reynsluakstursbíllinn var með 6 þrepa sjálfskiptingu og hún passar þessari vél fullkomlega og skilar afli hennar ávallt vel. Þetta samband vélar og skiptingar er eins og gott hjónaband, en þó gætir samt tilhlökkunar að prófa þennan bíl með beinskiptingu og þá ætti engu að leiðast heldur. Þrátt fyrir stífa fjöðrun étur Vitara S vel upp allar ójöfnur og hraðahindranir og víst er að þessi bíll liggur vel á vegi. Allgrip fjórhjóladrif-



ið tryggir svo frábært veggrip. Geta má þess að Vitara S er eingöngu í boði með fjórhjóladrifi, sem er mikill kostur hér á landi.

**Flottur að innan**

Þar sem að Vitara S er sportútgáfan af þessum bíl er innréttingin sportleg líka, með alcantara- og leðurklæddum sætum sem eru stöguð með rauðum þræði. Hann er líka með álpedölum til að undirstrika sportleikann. Innrétting bílsins er fremur einföld, en hressileg og sportleg. Efnisvalið er ekki í líkingu við neina lúxusbíla, talsverð notkun plasts, en smíðin virðist frábær og þetta er innrétting sem á eftir að standast tímans tönn, sterkleg og vel frá gengin. Ágætlega fer um aftursætisfarþega og rými þar ágætt en skottrými er ekki sérlega stórt, eða 375 lítrar.

**Mikill búnaður og gott verð**

Ýmis viðbótarbúnaður er í Vitara S frá grunngerðinni, m.a. leiðsögukerfi, lyklalaust aðgengi og ræsing, regnskynjari, Xenon aðalljós, birtuskynjari fyrir aðalljós, nálægðarskynjarar að framan og aftan, silfurlitir hliðarspeglar, svartar álflegur, Apple CarPlay snjallsímatenging, auk áklæðis sætanna sem nefnt var að ofan og álpedalar. Fyrir þetta þarf að greiða um 290.000 kr. meira en í næstdýrustu GLX útgáfunni, en rúsínan í pylsuendanum er að þá fær maður líka bestu vélina, meira afl og miklu meiri skemmtun. Alveg þess virði. Vitara S má fá á kr. 4.980.000 en með sjálfskiptingu kostar hann 380.000 meira. Ætli helsti samkeppnisbíll Vitara S sé ekki Nissan Juke en í grunngerð hans með fjórhjóladrifi kostar hann 4.590.000 kr.





**TALSVERT flottari innrétting er í þessari sportlegu útgáfu Vitara.**

**LEÐUR á slitflötum og alcantara áklæði og allt stagað með rauðum þræði.**

**ÞOKKALEGT rými í aftursætum en ekki mjög stórt skott.**







# SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**
Skr. 11.2012, ekinn 34 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, dráttarbeisli.
**Verð 3.980.000.**
Rnr.101164.



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**
Skr. 06.2011, ekinn 94 Þ.KM, bensín, sjálfsk., dráttarbeisli.
**Verð 3.450.000.**
Rnr.101146.



**SUZUKI Kizashi AWD.**
Skr. 01.2013, ekinn 26 Þ.KM, bensín, sjálfsk., leður, sóllúga o.fl.
**Verð 4.190.000.**
Rnr.100670.



**SUZUKI Liana 4WD.**
Skr. 11.2006, ekinn 146 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 950.000.**
Rnr.101143.



**SUZUKI SX4 S-Cross GLX.**
Skr. 10.2013, ekinn 28 Þ.KM, bensín, sjálfsk., leður, sóllúga o.fl.
**Verð 3.880.000.**
Rnr.101152.



**SUZUKI Jimny JLX.**
Skr. 05.2014, ekinn 82 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.590.000.**
Rnr.101144.



**NISSAN X-Trail Elegance.**
Skr. 03.2006, ekinn 113 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga, dráttarbeisli.
**Verð 1.490.000.**
Rnr.101156.



**SUZUKI Grand Vitara Luxury.**
Skr. 06.2010, ekinn 96 Þ.KM, bensín, sjálfsk., leður, sóllúga.
**Verð 3.100.000.**
Rnr.100352.



**KIA Sportage EX 4WD.**
Skr. 01.2015, ekinn 50 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, leður.
**Verð 5.750.000.**
Rnr.101043.

SUZUKI

**Komdu og skoðaðu úrvalið**

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is



Aston Martin Lagonda er afar langur bíll.

## Aston Martin Lagonda myndaður í París án feluklæða

Náðst hafa myndir af prófunum á nýjum Aston Martin Lagonda þar sem hann ekur um í Parísarborg. Aston Martin framleiddi Lagonda á árunum 1976 til 1990 en síðan hefur hann ekki sést þar til nú að fyrirtækið ætlar að endurvekja þennan stóra lúxusbíl. Þetta verður ekki ódýr bíll en hann mun kosta um 700.000 pund í Bretlandi eða um 130 milljónir króna. Meiningin hjá Aston Martin var að markaðssetja hann aðallega í Miðausturlöndum þar sem finna má dágóðan hóp fólks sem efni hefur á slíkum ofurdýrum bílum, en heyrst hefur að Aston Martin ætli reyndar einnig að bjóða bílinn í Evrópu. Upphaflega var ætlunin að framleiða bara 100 Lagonda bíla en er Aston Martin sá eftirspurnina fyrir þessum bíl víðar en í Miðausturlöndum var ákveðið að bjóða hann víðar og forvitnilegt verður að sjá í hve mörgum eintökum hann mun seljast. Lagonda er um 5 metrar á lengd og vélin er V12, með 5,9 lítra sprengirými og er skrifuð fyrir 559 hestöflum og 322 km hámarkshraða í þessum bíl. Lagonda er með sæti fyrir 4 með 2+2 fyrirkomulagi og þar er víst að vel fer um hvern farþega.


Takata öruggispúðar eru í fjölmörgum gerðum bíla.

## Enn ein 5 milljóna bíla innköllun vegna Takata öryggispúða

Á síðasta ári voru 19 milljón bílar innkallaðir í Bandaríkjunum einum sem voru með gallaða Takata-öryggispúða og þótti mörgum nóg um. Nú hefur bæst við 5 milljón bíla innköllun þar vegna þessara sömu öryggispúða. Þessi innköllun nú kemur í kjölfar dauða ökumanns á Ford Ranger bíl er lést er öryggispúði sprakk framan í hann. Þetta dauðsfall er það níunda í Bandaríkjunum af völdum Takata öryggispúða og það fyrsta sem ekki á sér stað í Honda bíl. Því eru innkallanirnar orðnar 24 milljónir vegna öryggispúðanna og gæti enn fjölgað. Innköllunin nú nær yfir bíla frá Ford, Volkswagen, Audi og Mercedes Benz. Fyrir þetta dauðaslys hafði rannsókn á öryggispúðum í 1.900 Ford Ranger bílum ekki leitt neitt athugavert í ljós, en annað kom á daginn. Takata hefur þegar verið sektað um 26 milljarða króna vegna gallanna. Aðeins hefur verið gert við um 27% þeirra bíla sem innkallaðir hafa verið og eru með Takata öryggispúðum og því má allt eins búast við fleiri dauðsföllum af þeirra völdum á næstu árum.

## Minnsti hagnaður Hyundai í 5 ár

Hagnaður Hyundai í fyrra minnkaði um 13% og nam 690 milljörðum króna. Sala Hyundai jókst um 3% á árinu og nam 9.890 milljörðum króna. Því var hagnaður af veltu um 7%. Þetta er þriðja árið í röð sem hagnaður minnkar hjá Hyundai og í fyrsta skipti sem áætlanir um sölu bíla nær ekki markmiðum. Vandræði á mörkuðum í Kína, Brasilíu og Rússlandi eiga stærstan þátt í því en salan í Evrópu, Bandríkjunum og heimalandinu S-Kóreu stóðst væntingar og vel það. Hyundai spáir því að vöxturinn í ár verði ekki mikill og sá minnsti síðan árið 2006 og byggist það á minnkandi vexti í sölu bíla í Kína. Hyundai seldi færri bíla í Kína í fyrra en árið áður, í fyrsta skipti frá árinu 2007. Salan í Rússlandi féll um 3,2% og í Brasilíu um 2,7% en hún jókst um 11% í Evrópu og þar seldust 470.130 bílar í fyrra. Salan í Bandaríkjunum, næst stærsta markaði Hyundai, jókst um 5% og um 4,2% í S-Kóreu. Hyundai hefur miklar væntingar fyrir lúxusbílamerki sitt Genesis, en það var stofnað í nóvember síðastliðnum og á merkið að hífa upp hagnað Hyundai. Hyundai er meirihlutaeigandi í Kia og þar á bæ verður lögð áhersla á umhverfisvæna og litla bíla.




Höfuðstöðvar Volkswagen í Wolfsburg í Þýskalandi.

# VOLKSWAGEN GAGNRÝNT FYRIR MISMUNUN

**Hyggst greiða eigendum Volkswagen bíla í Bandaríkjunum bætur en ekki eigendum í Þýskalandi. Yrði dýrt að greiða 8,5 milljón Volkswagen eigendum í Evrópu bætur.**

Volkswagen er ekki að gera sjálfu sér neinn greiða með því að mismuna Volkswagen bíleigendum í Bandaríkjunum, sem munu fá bætur vegna dísilvélasvindlsins, og eigendum Volkswagen bíla í Þýskalandi að sögn talsmanns þýskra dómstóla. Talsmaðurinn, Elzbieta Bienkowska, hefur sent bréf þessa efnis til Volkswagen og krefst þess að eigendur þeirra Volkswagen bíla sem dísilvélasvindlið á við fái sömu bótagreiðslur og í Bandaríkjunum. Volkswagen hefur á hinn bóginn tekið fyrir það að fyrirtækið greiði eigendum 8,5 milljón bíla í Evrópu sem dísilvélasvindlið tekur yfir bætur. Í hinu kæruglaða landi Bandaríkjunum rignir hins vegar yfir bótakröfum og svo virðist sem Volkswagen ætli að bregðast við þeim með greiðslu bóta. Ef til vill lýsa viðbrögð Volkswagen mismuninum á kærugleði almennings sitthvoru megin Atlantshafsins og að fyrirtækið ætli að sleppa við að greiða bætur í Evrópu vegna þess að þar er ekki eins mikið sótt að fyrirtækinu af eigendum bíla Volkswagen sem svindlið á við.

## Kia Niro tvinnjepplingur

Kia hefur boðað framleiðslu á jepplingi með Hybrid tækni sem fá mun nafnið Niro. Líklega er það merkilegast við þennan bíl að hann er hannaður frá grunni sem tvinnbíll, en ekki eins og Kia Optima sem fá má í Hybrid útfærslu, auk hefðbundinnar gerðar. Þessi jepplingur er á milli Kia Sportage og Kia Soul í stærð, en mun engu að síður ekki erfa neitt frá þeim bílum, heldur verður alveg sjálfstæð smíði. Svo virðist sem Kia sé komið með bíl sem tilbúinn er til framleiðslu, enda var Niro tilraunabíll fyrst sýndur á bílasýninguinni í Frankfürt árið 2013 undir nafninu „Niro concept“ og síðan eru liðin nær 3 ár. Af þeim fáu myndum að dæma sem Kia hefur látið frá sér af bílnum, eða öllu heldur ýmsum hluta hans, er hann fullformaður. Kia ætlar að sýna bílinn almenningi á bílasýningu í Chicago seinna í þessum mánuði. Bíllinn verður með 1,6 lítra bensínvél og rafmótora og á að menga minna en 90g/km af CO2. Hann verður 4,35 metra langur og 5,5 cm mjórri en Kia Sportage. Búist er við því að bíllinn komi á markað seint á þessu ári.





Ekkert smáræði af hestöflum í jeppa.

## Jeep Grand Cherokee Hellcat á næsta ári og er 707 hestöfl

Bílakaupendur hafa sterka tilhneigingu til að kaupa aftur bíl frá sama bílaframleiðanda og síðast, en missterka þó eftir bílamerkjum og einstaka bílgerðum. Sá bílaframleiðandi sem nýtur mestrar merkjatryggðar í Bandaríkjunum er Subaru, en 67,7% sem kaupa bíla frá Subaru áttu Subaru bíl áður. Sumir kaupendur ganga þó ennþá lengra og kaupa sömu bílgerðina aftur og aftur. Sá einstaki bíll sem mestrar tryggðar nýtur er Range Rover, en 48,2% kaupenda hans leysa af samskonar bíl af eldri árgerð. Næstur kemur Mercedes Benz S-Class með 46,6% tryggð og þriðji Lincoln MKZ með 44,8%. Þar á eftir koma Mercedes Benz Sprinter sendibíllinn (44,8%), Nissan Leaf (44,0%), RAM 1500 pallbíllinn (42,9%), Lexus RX350 (42,7%), Hyundai Genesis (42,5%), Kia Soul (42,0%) og í tíunda sætinu er Subaru Forester með 41,1% tryggð.


RENAULT
Passion for life
Renault KADJAR 4WD
Hættu að bíða, byrjaðu að lifa
KADJAR
VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA
FJÓRHJÓLADRIFNUM RENAULT KADJAR
Nýr og glæsilegur sportjeppi frá Renault er kominn til landsins. Renault KADJAR hefur fengið frábæra dóma í Evrópu meðal annars fyrir flott útlit, skemmtilega akstursreiginleika og einstaka sparneytni.
Komdu og reynsluaktu nýjum Renault KADJAR – Hættu að bíða, byrjaðu að lifa
Verð: 3.890.000 kr.
KADJAR Life 2wd
1,5 dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,8 l/100 km*
P FRÍTT Í STÆÐI!
Verð: 4.390.000 kr.
KADJAR Expression 2wd
1,5 dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 3,8 l/100 km*
P FRÍTT Í STÆÐI!
Verð: 4.890.000 kr.
KADJAR Expression 4wd
1,6 dísil, beinskiptur
Eyðsla 4,9 l/100 km*
E F
„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"
*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri
ENNEMM / SÍA / NM73124
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

## SKODA OCTAVIA G-TEC

**1,4 L BENSÍNVÉL, 110 HESTÖFL FRAMHJÓLADRIF**
**Eyðsla** 5,4 l/100 km í bl. akstri
**Mengun** 97 g/km $CO_2$
**Hröðun** 11,0 sek

**Hámarkshraði** 195 km/klst
**Verð** 3.390.000 kr.
**Umboð** Hekla

- Ekkert varadekk
- Lítið afl

- Langdrægi
- Rými
- Verð



Skoda Octavia G-Tec er enn ein útgáfa þessa vinsæla bíls. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLHELM

# REYNSLUAKSTUR – SKODA OCTAVIA G-TEC

## Hræódýr stór fjölskyldubíll sem brennir metani og er ódýrasta gerð þessa bíls. Kostar aðeins frá 3.390.000 kr. Hefur akstursdrægni upp á 1.330 kílómetra og endalaust innanrými.

Það vakti forvitni greinarritara að sjá auglýstan svo stóran fjölskyldubíl sem Skoda Octavia um daginn á 3.390.000 og hundrað þúsund krónum hærra fyrir langbaksgerð hans. Þetta er verðið á nýrri gerð bílsins með stafina G-Tec í endann. G-Tec þýðir að hann brennir metangasi, en einnig bensíni og í honum er jafn stór bensíntankur og í frumgerðinni, 50 lítrar en einnig tveir metantankar sem rúma 97 lítra af GNC. Með þessum miklu birgðum kemst þessi bíll 1.330 km í blönduðum akstri og 1.600 km ef honum er ekið í Eco-mode. Meira en hringinn í kringum landið. Það sem skýrir þetta lága verð bílsins er hve umhverfisvænn hann er og fellur hann því í lægsta vörugjaldsflokk. En hvernig skildi þessi bíll reynast í akstri?

### Hljóðlát og ljúf fjölbrennsluvél

Í Skoda Octavia G-Tec er 1,4 lítra TSI bensínvél sem einnig getur brennt metani og skilar 110 hestöflum. Því er hann ekki snarpur, en hann vinnur samt ágætlega, sérstaklega á ákveðnu snúningssviði sem, sem betur fer, er fremur neðarlega og aflið því ágætt án þess að komi til mikils snúnings vélarinnar. Þessi 1,4 lítra TSI vél er í mörgum öðrum bílgerðum Volkswagen bílafjölskyldunnar og er þekkt fyrir ágæti sitt og í þessum bíl er hún einkar hljóðlát, reyndar svo að velta þarf stundum fyrir sér hvort bíllinn sé í gangi. Tvær gerðir eldsneytistanka þýðir tveir eldsneytismælar, annar neðan hraðamælisins og hinn neðan snúningsmælisins. Í reynsluakstrinum var mest ekið á metani, en þó einnig á bensíninu og fannst ekki fyrir því hvoru hann var að brenna. Hafa skal í huga að það er ódýrara að aka á metani en bensíni, svo hér er sparibaukur á ferð, auk þess að vera umhverfisvænn.

### Ljúf fjöðrun en ekkert varadekk

Bíllinn er með hina ljúfustu fjöðrun og mikla slaglengd og þessi fjöðrun þarf að vera sterkari en í grunngerð Octavia þar sem bíllinn er nokkru þyngri vegna aukatankanna og annarskonar drifbúnaðar. Það virðist þó ekki koma mikið niður á akstursseiginleikunum. G-Tec er með multi-link fjöðrun að aftan, ólíkt grunngerðinni og það bætir fjöðrunina. Annað sem ekki er eins í grunngerðinni og G-Tec er að það vantar alvöru varadekk og viðgerðarsett í stað þess. Vegna breyttrar fjöðrunar bílsins er heldur ekki hægt að hækka bílinn frá vegi. Það koma því kostir og gallar með þessum bíl. G-Tec er með annars konar forþjöppu en sett er í grunngerð Octavia með 1,4 vélinni og aðrar breytingar og stillingar gera bílinn nokkru aflminni, en það verður að segjast að það kemur ekki mikið að sök, nema þegar flýta þarf sér óheyrilega og brjóta með því lögin, sem við gerum náttúrulega ekki. Stilling



vélarinnar er þannig að erfitt og tímafrekt er að láta hana snúast hratt til að framkalla mikla hröðun, en í hóflegum akstri virkar hún frábærlega.

### Rúmgóður og á einstöku verði

Að innan sést ekki hvort ekið sé á hefðbundnum Octavia eða G-Tec, allt er eins og jafn ágætlega frágengið. Innréttingin telst kannski ekki í lúxusflokki, en stíll og frágangur í bæði Volkswagen og Skoda bílum er ávallt til fyrirmyndar. Hvað pláss varðar er þessi bíll eiginlega í sérflokki, hann er svakalega rúmur og t.d. er fótarými afturí á við BMW 5-línuna. Hér er líka stór bíll á ferð þó verðið sé lágt og farangursrýmið er gríðarlega mikið. Því er hér á ferð heppilegur ferðabíll, jafnvel fyrir stórar fjölskyldur, en samt fínn í borgarumferðinni. Hvað verð þessa bíls áhrærir þá er vart hægt að bera hann saman við aðra bíla af sömu stærð, hann er einfaldlega þeirra langódýrastur. Flottur kostur hér á ferð.








**BÆÐI** bensín- og metantankar og því tveir mælar.

**BEINSKIPTING** var með ljúfasta móti og með henni er þessi bíll einkar ódýr.

**METANTANKARNIR** rúma 97 lítra af GNC.



CORSA
Verð frá:
2.390.000 kr.
MOKKA
Verð frá:
4.590.000 kr.
INSIGNIA
Verð frá:
3.890.000 kr.
ÞÝSK OPEL GÆÐI
HVAÐA OPEL ERT ÞÚ?
Sumir bílar henta þínum lífsstíl betur en aðrir. Opel vörulínan skartar búnaði og útfærslum sem bæði neytendur og fagmenn hafa hlaðið lofi og verðlaunum. Komdu og mátaðu þýsku Opel gæðin við þig og þína fjölskyldu.
Verið velkomin í reynsluakstur.
Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár
Kynntu þér Opel úrvalið á opel.is eða á benni.is.
Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000
Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330
Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16
OPEL
OPEL
Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara.

# 868 metinnkallanir bíla í fyrra

Í fyrra var sett met í innköllunum bílaframleiðenda vegna galla í bílum þeirra. Með því var met frá árinu þar áður slegið og segja má að allt árið í fyrra hafi markast af tíðum innköllunum sem voru næstum 2,4 á dag alla daga ársins. Alls voru innkallaðir 51,2 milljón bílar og stærstu innkallanirnar voru vegna gallaðra Takata öryggispúða og gallaðs ræsingabúnaðar í bílum General Motors. Í Bandaríkjunum hefur National Highway Traffic Safety Administration (NHTSA) hvatt bíleigendur þarlendis að hunsa ekki innkallanir bíla þeirra og að það geti reynst þeim dýrt. Svo virðist sem margir þeirra láti innkallanirnar sem vind um eyru þjóta og komi aldrei með bíla sín til viðgerða á göllum þeirra. Nefnir NHTSA í herferð sinni nú grátlegt dæmi um slíkt þar sem eigandi bíls með gallaðan Takata öryggispúða hafi ekki komið með bíl sinn í viðgerð árið 2010.



Útblásinn öryggispúði frá Takata.



# BMW Z5 á leiðinni

BMW framleiddi sportbílana BMW Z3 á árunum 1999 til 2002 og BMW Z4 á árunum 2004 til 2008 en síðan hefur ekki frést af arftaka þeirra. Það breyttist þó fyrir nokkrum dögum þar sem sást til bíls sem greinilega er arftaki þeirra og fær víst stafina Z5. Þessi nýi BMW Z5 á að koma á göturnar árið 2018 en prufur á frumgerð hans eru þó þegar hafnar. Hann mun fást með nokkrum vélargerðum, en 2,0 lítra bensínvél býðst í þremur útfærslum, 190, 245 og 270 hestöfl. Þá mun hann einnig bjóðast með 6 strokka vélina sem finna má í M3 og M4 bílunum, en hún er 425 hestöfl og þannig vopnaður ætti þessi litli bíll að vera ári snarpur. Sá bíll fær stafina Z5M. Þessum nýja bíl verður att gegn Porsche Boxter/Cayman. Kannski er það merkilegast við þennan bíl að undirvagn hans er samstarfsverkefni BMW og Toyota, en Toyota ætlar að nota hann fyrir nýjan fjórhjóladrifinn sportbíl í hybrid-útfærslu. BMW Z5 verður aðeins stærri en forverinn Z4 og vegur um 1,5 tonn.



# Pallbíll Mercedes Benz nefndur X-Class

Samkvæmt bílavef CarAdvice fréttist um daginn á leynilegum bílahönnunarfundi í Ástralíu fyrir skömmu að Mercedes Benz ætli líklega að gefa nýjum pallbíl sínum sem nú er í þróun nafnið X-Class. Til greina kemur einnig að nefna hann Z-Class, en flestum þykir X-Class betur hæfa grófleika bílsins og torfærugetu. Meiningin hjá Mercedes Benz er að bjóða hann í þremur útfærslum, mis vel búnum. Sú hráasta á að höfða til hefðbundinna pallbílakaupenda og sú best útbúna sem enginn eftirbátur fólksbíla Benz að innan. Bíllinn verður líklega boðinn með tveimur dísilvélakostum, fjögurra strokka og 187 hestafla og sex strokka og 255 hestafla. Mercedes Benz áformar ekki að koma með þennan nýja pallbíl fyrr en við enda þessa áratugar og verður undirvagn hans sá sami og í Nissan NP300 og Navara, en að öðru leiti verði hann eins mikill Benz og aðrir bílar fyrirtækisins.

WEST LAKE®
HARÐKORNADEKK

Kynningartilboð á Jeppadekkjum

Gildir vikuna 01.02.2016 - 07-02.2016 eða á meðan birgðir endast

| Stærðir | 32% af 4 stk. | Fullt verð |
|---|---|---|
| 235/75R15 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 73,413 ISK | 107,960 ISK |
| 31x10,50R15 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 95,173 ISK | 139,960 ISK |
| 215/70R16 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 65,253 ISK | 95,960 ISK |
| 225/70R16 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 70,693 ISK | 103,960 ISK |
| 225/75R16 LT 10PR Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 89,733 ISK | 131,960 ISK |
| 225/75R16 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 76,133 ISK | 111,960 ISK |
| 235/70R16 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 76,133 ISK | 111,960 ISK |
| 235/75R16 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 76,133 ISK | 111,960 ISK |
| 245/70R16 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 84,293 ISK | 123,960 ISK |
| 245/75R16 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 95,173 ISK | 139,960 ISK |
| 255/70R16 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 89,733 ISK | 131,960 ISK |
| 265/70R16 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 87,013 ISK | 127,960 ISK |
| 265/75R16 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 100,613 ISK | 147,960 ISK |
| 285/75R16 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 122,373 ISK | 179,960 ISK |
| 305/70R16 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 122,373 ISK | 179,960 ISK |
| 235/65R17 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 78,853 ISK | 115,960 ISK |
| 245/65R17 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 87,013 ISK | 127,960 ISK |
| 245/70R17 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 97,893 ISK | 143,960 ISK |
| 245/75R17 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 108,773 ISK | 159,960 ISK |
| 265/65R17 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 95,173 ISK | 139,960 ISK |
| 265/70R17 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 108,773 ISK | 159,960 ISK |
| 285/70R17 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 138,693 ISK | 203,960 ISK |
| 315/70R17 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 163,173 ISK | 239,960 ISK |
| 275/65R18 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 133,253 ISK | 195,960 ISK |
| 305/55R20 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | 163,173 ISK | 239,960 ISK |
| 205/70R15C Westlake Mud Terrain MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 6PR Nl | 73,413 ISK | 107,960 ISK |
| 235/75R15 Westlake Mud Terrain MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 6PR Nl | 73,413 ISK | 107,960 ISK |
| 30X9,50R15 Westlake Mud Terrain MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 6PR Nl | 89,733 ISK | 131,960 ISK |
| 31X10,50R15 Westlake Mud Terrain MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 6PR Nl | 100,613 ISK | 147,960 ISK |
| 32X11,50R15 Westlake Mud Terrain MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 6PR Nl | 114,213 ISK | 167,960 ISK |
| 33x12.50R15 Westlake Mud Legend MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 6PR Nl | 135,973 ISK | 199,960 ISK |
| 245/75R16 Westlake Mud Terrain MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 10PR Nl | 100,613 ISK | 147,960 ISK |
| 265/75R16 Westlake Mud Terrain MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 10PR Nl | 103,333 ISK | 151,960 ISK |
| 205/70R15C Westlake Mud Terrain MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 6PR Nl | 73,413 ISK | 107,960 ISK |
| 235/75R15 Westlake Mud Terrain MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 6PR Nl | 73,413 ISK | 107,960 ISK |
| 30X9,50R15 Westlake Mud Terrain MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 6PR Nl | 89,733 ISK | 131,960 ISK |
| 31X10,50R15 Westlake Mud Terrain MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 6PR Nl | 100,613 ISK | 147,960 ISK |
| 32X11,50R15 Westlake Mud Terrain MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 6PR Nl | 114,213 ISK | 167,960 ISK |
| 245/75R16 Westlake Mud Terrain MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 10PR Nl | 100,613 ISK | 147,960 ISK |
| 265/75R16 Westlake Mud Terrain MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 10PR Nl | 103,333 ISK | 151,960 ISK |
| 315/75R16 Westlake Mud Terrain MT Alhliða Utanvega Jeppadekk SL366 LT 10PR Nl | 157,733 ISK | 231,960 ISK |
| 285/70R17 Westlake MUD LEGEND Utanvega Jeppadekk SL386 Nl | 155,013 ISK | 227,960 ISK |
| 35x12,50R17 Westlake MUD LEGEND Utanvega Jeppadekk SL386 Nl | 163,173 ISK | 239,960 ISK |
| 37X12,50R17 Westlake MUD LEGEND Utanvega Jeppadekk SL386 Nl | 176,773 ISK | 259,960 ISK |
| 275/65R18 Westlake MUD LEGEND Utanvega Jeppadekk SL386 Nl | 135,973 ISK | 199,960 ISK |
| 35x12,50R18 Westlake MUD LEGEND Utanvega Jeppadekk SL386 Nl | 201,253 ISK | 295,960 ISK |
| 35x12,50R20 Westlake MUD LEGEND Utanvega Jeppadekk SL386 Nl | 190,373 ISK | 279,960 ISK |

SKEMMTILEGA ÓDÝR

Dreifðu greiðslunni eða borgaðu eftir 14 daga
Netgíró

DEKKVERK
Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ
Sími: 578 7474 www.dekkverk.is
OPIÐ ALLA DAGA 10-19

## Vélsleðar






## Hjólbarðar





**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.


## Varahlutir






## Bílaleiga


**TIL SÖLU LÍTIL EN ÖRT VAXANDI BÍLALEIGA**
Tvær heimasíður - tvöfaldur sýnileiki. Léttur og þægilegur rekstur. Tilvalinn stökkpallur inn á vaxandi markað. Gott tækifæri, auðveld kaup. Upplýsingar í S: 776-6001


# PJÓNUSTA

## Pípulagnir


**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.


## Bókhald


Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.


## Málarar


**REGNBOGALITIR**
Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.


## Búslóðaflutningar


Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is


## Húsaviðhald








**HÚSASMÍÐAMEISTARI**
getur bætt við sig verkefnum.

Uppl. í s. 897 4720

eða bragi@boga.is


## Nudd


**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.


## Spádómar


Spái í spil, tek fólk heim, spái einnig í gegnum síma. Tímap. í s. 445 8787. Geymið auglýsinguna.


## Trésmíði


**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.


## Önnur þjónusta




**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**


# KEYPT & SELT

## Óskast keypt


**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**


# HEILSA

## Nudd


**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com


# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla


Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.


# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði


**TIL LEIGU 160 FM IÐNAÐAR EÐA VERSLUNARBIL MEÐ INNKEYRSLUHURÐ Í AUÐBREKKU 4, KÓPAVOGI**
Einnig 3 rúmgóðar skrifstofur með kaffiaðstöðu.
**Upplýsingar í sima 661-7000**


## Húsnæði óskast


**ÓSKA EFTIR 3-4 HERB. ÍBÚÐ**
3ja manna fjölskyldu, hjón á sextugsaldri og 19ára sonur bráðvantar 3-4 herb íbúð frá 1.mars. Erum mjög róleg, reglusöm og skilvís. Mjög góð meðmæli fylgja. Íbúðin þarf að vera á fyrstu hæð eða lyftuhúsi (sérhæð eða lítið raðhús) fastar tekjur
**Uppl. í s. 8926912 eða gillagh@simnet.is**


## Atvinnuhúsnæði


Til leigu atvinnuhúsnæði 45m2 á 2 hæð í Skeifuni. uppl. 896 1266.


## Geymsluhúsnæði


**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464


# ATVINNA

## Atvinna í boði


**GULLNESTI GRAFARVOGI**
Óskum eftir röskum, íslenskumælandi starfskrafti virka daga frá 9-5.
25 ára eða eldri og helst vanur grilli og afgreiðslu.
**Upplýsingar í síma 898-9705 Daði**


## Atvinna óskast


**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**



Dalabyggð

## Lagning ljósleiðara í Dalabyggð

## BEIÐNI UM UPPLÝSINGAR

Fyrirhuguð er lagning ljósleiðara í Dalabyggð. Gert er ráð fyrir að öllum lögbýlum, frístundahúsum, fyrirtækjum og stofnunum í dreifbýli Dalabyggðar standi til boða að fá ljósleiðaratengingu.

Auglýst er eftir:

A. Aðila eða aðilum sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaraneti í Dalabyggð á næstu þremur árum,
eða
B. Hæfum aðila eða aðilum til að taka að sér að byggja og e.t.v. reka til framtíðar ljósleiðaranet með stuðningi frá sveitarfélaginu komi til þess að enginn aðili svari lið A hér að ofan.

Aðilar sem óska eftir stuðningi munu þurfa að uppfylla tilteknar kröfur um fjarskiptaleyfi og fjárhagslegan styrk, hafa reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra kerfa, sýna fram á raunhæfa verk- og rekstraráætlun o.þ.h.

Áhugasamir aðilar skulu senda tilkynningu um fyrirætlanir sínar til Dalabyggðar á netfangið sveitarstjori@dalir.is fyrir kl. 12:00 þann 15. febrúar 2016. Í tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala aðila auk upplýsinga um ofangreint eftir því sem við á.

Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum og skýringum og skulu slíkar fyrirspurnir sendar á netfangið sveitarstjori@dalir.is



30-50% afsláttur

Gardsman Öryggiskerfi 25%

TOPO-Tech bakkmyndavélar og skjáir 25%

Stafrænir sjónvarpsmóttakarar fyrir heimili bústaðinn og húsbílinn 50%

Tilboðið gildir til 5 feb. eða meðan birgðir endast.

www.hugna.is hugna@hugna.is

Hugna ehf sími: 454 4570



EXTREME ICELAND

WWW.EXTREMEICELAND.IS

## Upplýsingatækni og forritun

Extreme Iceland er ört stækkandi ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 70 manns. Skrifstofa fyrirtækisins er staðsett í Skútuvogi 13a. Bónus er í næsta húsi, mötuneyti er á staðnum, borðtennisborð, foosball borð og fáránlega skemmtilegt starfsfólk.
Við höfum eftirfarandi tvær lausar stöður í upplýsingatækni- og markaðsdeild fyrirtækisins.

### IT Guð óskast

Meðal verkefna er að sjá um tölvubúnað í fyrirtækinu, uppsetning og umsjá með hugbúnaði og vélbúnaði. Viðhald og umsjón með bókunarkerfi, tölvupósti, símkerfi, server og öðru. Einnig væri gott viðkomandi gæti aðstoðað við viðhald á heimasíðum fyrirtækisins, sem og umsjá með netöryggi.

### Forritari óskast

Við óskum eftir front-end forritara í hugbúnaðarteymið hjá okkur. Reynsla af bakendaforritun er þó kostur. Reynsla af eftirfarandi er æskileg: Azure hýsing, JavaScript, jQuery, REST vefþjónustur, MVC C# og JSON.

Eingöngu er tekið við umsóknum gegnum email.

**Vinsamlegast sendið umsóknir eða spurningar á: steinar@extremeiceland.is**



**RÁÐGJÖF**
• Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

**RÁÐNINGAR**
• Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

**RANNSÓKNIR**
• Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

# ráðum
ráðningarstofa

## Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

---

## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is



---

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Brautarholt.
## Glæsileg „þakíbúð" með stórum þakgarði.



Afar glæsileg 140,1 fm. "þakíbúð" með 79,6 fm. þakgarði með morgun og kvöldsól við Brautarholt. Íbúðin er öll arkitektahönnuð að innan á afar smekklegan og vandaðan máta. Sér bílastæði er í afgirtu porti á baklóð hússins. Íbúðin er mjög björt með gólfsíðum gluggum að stórum hluta og aukinni lofthæð. Samliggjandi stórar stofur með arni og útgangi á svalir. Glæsilegt baðherbergi. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar eru úr hnotu að stórum hluta. Hnotuparket og ítalskur ljós marmari er á gólfum.

**Verð 75,0 millj.**

---

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

## Lerkiás 6 Garðabæ

**Opið hús í dag, þriðjud. 2. febrúar, frá kl. 17 - 18.**



Stórglæsilegt fullbúið 190 fm raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Hellulögð innkeyrsla, timburverönd með skjólveggjum. Fjögur góð svefnherbergi, fataherbergi er innaf hjónaherbergi. Sjón er sögu ríkari. Ásmundur Skeggjason fasteignasali tekur vel á móti ykkur í dag. Gsm 895 3000.

Runólfur Gunnlaugsson viðsk.fr. lögg.fast. • Ásmundur Skeggjason lögg.fast.

---

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Garðatorg 7 - Gbæ. 4ra – 5 herb. íbúð.

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög góð 135,6 fm. íbúð á 2. hæð auk 2,6 fm. geymslu á 1. hæð í mjög góðu og vel staðsettu lyftuhúsi við Garðatorg. Bílastæði í bílakjallara fylgir íbúðinni. Rúmgóð setu- og borðstofa. Opið eldhús með glæsilegum innréttingum úr kirsuberjaviði. Suðursvalir með útsýni að Reykjanesi. **Verð 52,9 millj.**
**Virkilega falleg eign á góðum stað í miðbæ Garðabæjar þaðan sem mjög stutt er í alla þjónustu. Verið velkomin.**

---

**ÁSBYRGI ehf** Sími 568 2444

Ingileifur Einarsson, Lögg. fasteignasali.
ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík
Ingileifur Einarsson - Löggiltur fasteignasali.

## Skúlagata 10 - OPIÐ HÚS




**OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAGINN 2. FEBRÚAR MILLI KL. 17:00-18.00.**
Vorum að fá í einkasölu mjög fallega, bjarta og vel staðsetta 4ra. herbergja íbúð 118,7 fm. á 2. hæð með útsýni í norður yfir sundin. Stórar stofur. Suður svalir. Íbúðinni fylgir sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu. Mjög góð sameign bæði úti og inni. Falleg lóð með hitalögn í gangstígum. **Verð 57 millj**

---

## Berjarimi 34, íbúð 201 - Rvk.
**OPIÐ HÚS**




Mjög vel staðsett, stílhrein og falleg 116,5 fm fjögurra herbergja íbúð á tveim hæðum með sérinngangi á sérlega barnavænum stað innst í lokaðri húsagötu.

**Egill (s: 616-9490) og Eydís sýna eignina í dag þriðjudag milli kl. 17:00 og 18:00**

**FB Fasteignasala Brynjólfs Jónssonar**
**Sími 511 1555**

---

**365 óskar eftir góðu fólki**

# SÖLUMAÐUR AUGLÝSINGA

**Auglýsingadeild Fréttablaðsins óskar eftir röskum sölumanni á stærsta prentmiðil landsins.**

Helstu kröfur:
- Reynsla af sölumennsku æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi.
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á hjordis@365.is merkt „Sölumaður".**

**Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar.**

**Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365



✝

Okkar heittelskaði eiginmaður, faðir, afi, tengdafaðir, bróðir og vinur,

**Eggert Garðarsson**
vélvirkjameistari,
Fjólugötu 13, Vestmannaeyjum,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 29. janúar.
Útför hans fer fram frá Landakirkju laugardaginn 6. febrúar kl. 14.00.

**Svava Björk Johnsen**
**Edda Björk Eggertsdóttir**
**Anton Örn Eggertsson** **Hildur Róbertsdóttir**
**Alexandra Bía Sumarliðadóttir**
**Sara Sif Jónsdóttir**
**systkini og vinir.**



✝

Minn allra besti vinur og ástkær eiginkona, mamma, tengdamamma, amma og langamma,

**Þuríður Sölvadóttir**
Erluhólum 9, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 20. janúar. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 4. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarsjóð blóðlækningadeildar 11G eða Krabbameinsfélag Íslands.

**Bergsveinn Alfonsson**
**Sölvi Þór Bergsveinsson** **Ingibjörg Grettisdóttir**
**Linda Björk Bergsveinsdóttir** **Guðfinnur Guðnason**
**Sigríður Gunnarsdóttir** **Rúnar Valgeir Þórmundsson**
**og ömmubörn.**

## Merkisatburðir



**1653** Nýja Amsterdam, sem síðar verður New York-borg fær borgarréttindi.
**1709** Alexander Selkirk er bjargað af eyðieyju, sú björgun varð síðar grunnurinn að bókinni Róbinson Krúsó eftir Daniel Defoe.
**1883** Sex manns farast í snjóflóði við bæinn Stekk í Borgarfirði eystra.
**1943** Síðustu hersveitir nasista gefast upp fyrir Sovétmönnum í orustunni um Stalíngrad.
**1982** Sýrlensk stjórnvöld ráðast á bæinn Hama og drepa þúsundir.
**1988** Halldór Halldórsson er fyrstur Íslendinga til að fá ígrædd hjarta og lungu í átta klukkustunda aðgerð í London.
**1989** Síðustu hersveitir Sovétmanna yfirgefa Afganistan og binda þannig endi á níu ára styrjöld milli landanna.
**1990** F.W. de Klerk, forseti Suður-Afríku, lofar að láta Nelson Mandela lausan.
**1990** Þjóðarsátt um kaup og kjör gengur í gildi með það að markmiði að ná niður verðbólgu og tryggja atvinnuöryggi.



✝

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi okkar og langafi,

**Guðmundur Magnússon**
Skólagerði 51, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 28. janúar.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 4. febrúar kl. 13.00.

**Guðfinna Guðmundsdóttir** **Tryggvi Tryggvason**
**Rannveig L. Pétursdóttir**
**Magnús Pétursson**
**Tryggvi Þór Tryggvason**
**og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóhanna Hallgrímsdóttir**
Njarðarvöllum 6,
Njarðvík,

lést á Landspítalanum Fossvogi, föstudaginn 22. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 4. febrúar kl. 13.00.

**Magnús Daðason** **Svala Pálsdóttir**
**Herborg Daðadóttir Brylowe** **Drew Brylowe**
**Daði Daðason** **Ósk Svavarsdóttir**
**Vignir Daðason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Lilly Ásgeirsson**

andaðist á Droplaugarstöðum laugardaginn 23. janúar. Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 2. febrúar kl. 13.00.

**Sverrir Þórhallsson** **Inga Helgadóttir**
**Dóra Þórhallsdóttir** **Magnús B. Einarson**
**Ragna Þórhallsdóttir** **Flosi Kristjánsson**
**Sólveig Þórhallsdóttir** **Gunnar Jóakimsson**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**



✝

Innilegar þakkir fyrir veitta samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Huldu Guðríðar Friðriksdóttur**
kennara,
Hólabergi 84.

**Sigurbjarni Guðnason**
**Guðni Sigurbjarnason** **Elísabet Guðmundsdóttir**
**Helga I. Sigurbjarnadóttir** **Gunnar Már Gunnarsson**
**börn og barnabörn.**



✝

Kær bróðir okkar og frændi,

**Magnús Magnússon**

andaðist sunnudaginn 24. janúar á Droplaugarstöðum. Jarðsungið verður frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 4. febrúar kl. 13.00.

**Hrefna Magnúsdóttir**
**Guðmundur Magnússon**
**Guðrún Magnúsdóttir**
**og systkinabörn.**



✝

Ástkær faðir minn, tengdafaðir, fósturfaðir, afi og langafi,

**Sigurbjörn Tómasson**
skipasmíðameistari,

er lést á hjúkrunarheimilinu Grund 20. janúar, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 3. febrúar kl. 13.00.
Jarðsett verður í Keflavíkurkirkjugarði.

**Þorvaldur Þ. Sigurbjörnsson** **Halldóra Konráðsdóttir**
**Helgi Pálmar Breiðfjörð**
**Tómas Páll Þorvaldsson** **Edda Þuríður Hauksdóttir**
**Þórarinn Viðar Sigurðsson**
**Guðrún Halldóra Sigurðardóttir**
**Konráð Pétur, Rakel Elísabet og Arnar Darri**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ingibjörg Magnúsdóttir**
Systa
Efstalandi 22, Reykjavík,

er látin.
Kveðjustund hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Skjóli er þökkuð umönnunin á liðnum árum.

**Baldur Alfreðsson**
**Alfreð Baldursson**
**Ingveldur Rósa Baldursdóttir** **Konráð Þorsteinsson**
**Anna Margrét Konráðsdóttir**



✝

Hjartkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Hallmar Sigurðsson**
leikstjóri,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, laugardaginn 30. janúar sl.
Útförin verður auglýst síðar.

**Sigríður Sigþórsdóttir**
**Herdís Hallmarsdóttir** **Magnús Orri Schram**
**Sigríður María Egilsdóttir** **Hallmar Orri Schram**



✝

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, afi og langafi,

**Viðar Pétursson**
stýrimaður,

lést á sjúkrahúsinu á Akureyri þann 27. janúar síðastliðinn.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið á Akureyri.

**Eiginkona, dætur, tengdasynir, barnabörn og langafabörn.**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Matthea Kristjánsdóttir**
húsmóðir,
áður til heimilis að
Strandgötu 37, Akureyri,

lést 18. janúar sl. á Dvalarheimilinu Hlíð og hefur útförin farið fram. Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á Dvalarheimilinu Hlíð fyrir góða og hlýja umönnun.

**Þorsteinn Jónasson**
**Kristján Elís Jónasson** **Ólöf Matthíasdóttir**
**Haraldur Jónasson** **Valgerður Birna Lýðsdóttir**
**Lýður Óskar Haraldsson**
**Matthea Kristjánsdóttir**
**Elmar Kristjánsson** **Anne Sudergaard Moltsen**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Lára Guðnadóttir**
(Syðstu-Görðum)
Brákarhlíð, Borgarnesi,

lést þann 29. janúar síðastliðinn á dvalarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 8. febrúar kl. 13. Blóm vinsamlega afbeðin en þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Brákarhlíðar.

**Bryndís Magnúsdóttir** **Björn H. Sigurðsson**
**Magnús E. Magnússon** **Kristín Helga Gísladóttir**
**Kristín Þórðardóttir**
**Guðmundur Þórðarson** **Borghildur Kristinsdóttir**
**Anna Þórðardóttir** **Þorsteinn Eyþórsson**
**Sigríður Þórðardóttir** **Helgi Oddsson**
**Þorkell Þórðarson** **Guðrún Húbertsdóttir**
**Margrét Þórðardóttir** **Halldór K. Jóhannesson**
**Herdís Þórðardóttir** **Jón Oddsson**
**Guðni Þórðarson** **Þorbjörg Ásbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Hrafnhildur Grace Sigurbjartsdóttir**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut laugardaginn 23. janúar.
Útförin fer fram frá kirkju Óháða safnaðarins föstudaginn 5. febrúar kl. 15.00.

**Einar Már Eiðsson** **Alpana Bawa**
**Sigurjón Eiðsson** **Hrund Gunnsteinsdóttir**
**Björk Eiðsdóttir**
**Blær, Rán, Birta, Eiður Breki og Sif.**

....LIFUN



# TRÚBROT

Tónlist hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar **TRÚBROTS** verður flutt á sviði Eldborgar þann 12. febrúar. Þar verður einnig eitt helsta meistaraverk íslenskrar tónlistarsögu, **....LIFUN**, flutt í heild sinni, en verkið er 45 ára í ár. Meðlimir **TRÚBROTS**, þau Gunnar Þórðarson, Magnús Kjartansson og Shady Owens, skipa hljómsveitina ásamt þeim Eyþóri Gunnarssyni, Friðriki Karlssyni, Gunnlaugi Briem, Jóhanni Ásmundssyni, Pétri Grétarssyni, Stefáni Jakobssyni, Andra Ólafssyni og Stefaníu Svavarsdóttur. Ekki missa af sannkallaðri veislu í Hörpu þar sem tónlist **TRÚBROTS** fær að hljóma og andi hippakynslóðarinnar svífur yfir vötnum.

## 12. FEBRÚAR Í ELDBORG

**Miðasala á tix.is, miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.**

HARPA DÆGURFLUGAN

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Í dag stefnir í norðlæga átt 5-13 m/s og stöku él fyrir norðan og austan og er því útlit fyrir mun skaplegra veður þar heldur en var í dag. Sunnanlands verður að mestu áfram fallegt og bjart vetrarveður.

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -2° | -7° | -9° |
| ← 13 | ← 9 | ↗ 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -10° | -2° | -8° |
| → 5 | ← 10 | ← 5 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -2° | -6° | -14° |
| ← 17 | ← 11 | ↖ 3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -10° | -4° | -9° |
| ↙ 2 | ← 15 | ← 5 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. bauti
6. í röð
8. sægur
9. fæða
11. ullarflóki
12. úrræði
14. fita
16. hæð
17. skammstöfun
18. lyftist
20. nudd
21. hrumur

**LÓÐRÉTT**
1. skraf
3. kringum
4. skírnarnafn
5. húsfreyja
7. sígild list
10. í viðbót
13. því næst
15. að auki
16. tímabils
19. átt

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. buff, 6. jk, 8. mor, 9. ala, 11. rú, 12. lausn, 14. skvap, 16. ás, 17. ofl, 18. rís, 20. nú, 21. skar.
**LÓÐRÉTT:** 1. hjal, 3. um, 4. fornafn, 5. frú, 7. klassík, 10. auk, 13. svo,

### Skák Gunnar Björnsson

Hikaru Nakamura (2.787) vann Mariu Muzychuk (2.554) á laglegan hátt í Gíbraltar-mótinu. Þegar búinn að fórna manni.

**Hvítur á leik**

**22. d6! Bxd6 23. 23. Dxg6+ Kh8 24. Dxh6+ Rh7** (24...Kg8 25. g5!) **25. Rg5 Rdf6 26. Hdf1** og svartur gafst upp.

**www.skak.is:** Jón Viktor skákmeistari Reykjavíkur í sjöunda sinn.








## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 7 | | | | | 1 | |
| | 5 | | 3 | 4 | | | | 8 |
| | | 3 | | 7 | | 2 | | |
| 2 | | | 4 | 5 | | 3 | | 6 |
| 6 | | 1 | | | | | 9 | |
| | 3 | | 2 | | | 7 | | |
| | 9 | | 6 | | | | | 7 |
| 5 | | 6 | 8 | 2 | 7 | | | |
| | | 8 | | 3 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 6 | 2 | 8 | | 4 | |
| | | | | | 1 | | 9 | 8 |
| 7 | | | | 5 | | 6 | | |
| 5 | | 1 | 7 | | | | 3 | 9 |
| | | 3 | | | 4 | | | 6 |
| | | | | 1 | | | 7 | |
| | 6 | 4 | | | | | | |
| 1 | | | 9 | | | 3 | | |
| | 9 | | | 8 | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 4 | 7 | | | 8 | | |
| 5 | | 3 | | 8 | | | 1 | |
| | | 8 | | | | 2 | 5 | |
| | | | | 7 | | | | 3 |
| | | 1 | | | | 9 | | 2 |
| 4 | 8 | | 2 | | | | | |
| | | | 6 | | | 3 | | 8 |
| 3 | | | | 9 | | 1 | 6 | |
| | 5 | | | | 2 | | | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 | 5 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 2 | 6 | 3 | 4 | 8 |
| 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 5 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 |
| 6 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 3 | 9 | 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 9 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 4 | 8 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 1 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 7 | 5 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 |
| 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 4 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 1 | 6 | 2 | 9 |
| 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 7 | 4 |
| 2 | 5 | 9 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 3 | 7 | 2 | 1 | 6 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 3 | 5 | 9 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 5 |
| 8 | 1 | 6 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 7 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 2 | 8 | 9 | 1 | 7 | 4 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 9 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





DANS & JÓGA KYNNIR
Berocca
RISA
ZUMBA
partý
THEA · JÓI · HRAFNHILDUR
PÁLL ÓSKAR
20. FEBRÚAR
VALSHÖLLIN
LAUGARDAGMORGUN KL. 11.00
MIÐASALA Á MIÐI.IS
DANS & JÓGA
www.dansogjoga.is
HLJÓÐ, LJÓS OG SVIÐ FRÁ HLJÓÐX

## Er búin að dansa norðurljósadansins síðustu daga

**Fjögurra daga Vetrarhátíð verður haldin á höfuðborgarsvæðinu frá 4. til 7. febrúar. Meginstoðir hennar eru Safnanótt, Sundlauganótt, Snjófögnuður og Ljósalist. Karen María Jónsdóttir, viðburðastjóri hjá Höfuðborgarstofu, segir okkur meira.**



„Við erum að varpa ljósi á það magnaða starf sem söfnin standa fyrir og minna okkur á hversu fjölbreytt það er og mikilvægt okkar samfélagi," segir Karen María.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég hvet sem flesta til að byrja hátíðina fyrir utan Hörpu á fimmtudaginn klukkan 19.30, á Slettireku sem er leikjaskotið ljósaverk," segir Karen María hjá Höfuðborgarstofu. Hún segir Slettireku þannig að hver og einn geti leikið sér að því að velja liti og form til að sletta á hjúp tónlistarhússins ef þeir hlaði niður tilteknu vefsíðu. En ef allir gera það í einu, hvað þá? „Það er X-Faktorinn í verkinu, þetta er þátttökuverk sem gerir almenningi kleift að setja mark sitt á Hörpu um stund, það getur farið hvernig sem er," segir Karen María létt í bragði. „Strax í kjölfar þess viðburðar byrjar snjóbrettabrun á Arnarhóli því búið verður að útbúa stökkpall úr snjó ofan úr Bláfjöllum. „Þangað má fólk koma með brettin sín og taka salíbunu, það verða plötusnúðar, ljós og fleira flott."

Á Vetrarhátíðinni í ár er úr um 150 viðburðum að velja. Höfuðborgarstofa sér um utanumhald hennar en öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru með. Til dæmis taka hátt í 40 söfn á öllu svæðinu þátt í Safnanótt á föstudagskvöld milli klukkan 19 og miðnættis, að sögn Karenar Maríu. „Við erum að varpa ljósi á það magnaða starf sem söfnin standa fyrir og minna okkur á hversu fjölbreytt það er og mikilvægt okkar samfélagi, enda eru söfn oft í næsta nágrenni við heimili okkar. Það er fegurðin við Safnanótt. Ef fólk vill komast hratt á milli safna þá er Strætó með sérstakt leiðakerfi þetta kvöld sem gerir fólki kleift að komast frítt frá einu safni til annars."

> **ÞETTA ER ÞÁTTTÖKUVERK SEM GERIR ALMENNINGI KLEIFT AÐ SETJA MARK SITT Á HÖRPU UM STUND, ÞAÐ GETUR FARIÐ HVERNIG SEM ER.**

Á laugardagskvöld er Sundlauganótt og taka níu laugar þátt í henni með ólíkri dagskrá, jóga, póló, kórgjörninga, gufubað og fleira, að sögn Karenar Maríu. Hún hvetur fólk til að prófa aðrar laugar en það fer í dagsdaglega, jafnvel í nágrannasveitarfélaginu og hitta nýtt fólk í heita pottinum. „Að vera í sundlaug að vetri til úti í myrkrinu, oft með stjörnubjartan himin og jafnvel norðurljós líka er óviðjafnanlegt," bendir hún á. „Ég get ekki geta lofað norðurljósum en er búin að dansa norðurljósadansins síðustu daga til að reyna að kalla þau fram," segir hún hlæjandi.

Í Bláfjöllum verður á sunnudaginn boðið upp á frían aðgang fyrir 15 ára og yngri. Þar verður tónlist og fleira til skemmtunar. „Allt viðburðir sem eru til þess gerðir að að njóta samveru með fjölskyldu og vinum."

gun@frettabladid.is


## Höfundakvöld í Norræna húsinu
2. Febrúar kl. 19:30

Norræna húsið
The Nordic House



Gaute Heivoll (1978) kemur fram á höfundakvöldi í Norræna húsinu 2. febrúar kl. 19:30. Hann er norskur rithöfundur sem gaf út sína fyrstu bók árið 2002. Heivoll skrifar jafnt skáldsögur, ljóð, smásögur og barnabækur. Árið 2011 kom út í íslenskri þýðingu verðlauna bók hans Meðan enn er glóð og vakti samstundis athygli, lesenda jafnt sem gagnrýnenda. **Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.**

**Höfundakvöld Norræna hússins 2016**
**2. febrúar** Gaute Heivoll (NO)
**1. mars** Åsne Seierstad (NO)
**5. apríl** Susanna Alakoski (SE)
**3. maí** Mari Jungstedt & Ruben Eliassen (SE/NO)

Veitingastaðurinn **Aalto bistro** selur veitingar fyrir viðburðinn og í hléi.

Sturlugata 5, 101 Reykjavík
Tel: 5517030, www.nordichouse.is


## Gullin ský og skuggar á Myrkum

**TÓNLIST**

**Sinfóníutónleikar**
★★★★

**Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verk eftir Rolf Wallin, Hauk Tómasson, Áskel Másson og Þórð Magnússon. Einleikarar: Melkorka Ólafsdóttir og Víkingur Heiðar Ólafsson. Tónleikarnir voru hluti af Myrkum músíkdögum.**

**Stjórnandi:** Daníel Bjarnason.
**Eldborg í Hörpu**
**Fimmtudaginn 28. janúar.**



Víkingur Heiðar Ólafsson flutti píanókonsert eftir Þórð Magnússon.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áskell Másson átti fyrsta verkið á dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músíkdögum á fimmtudagskvöldið. Það bar nafnið Gullský. Titillinn er innblásinn af samnefndri ritgerð Einars Benediktssonar um svokölluð Glitský sem hann sá á ferð sinni um Melrakkasléttu. Í verki sínu leitast Áskell við að skapa tónræn ský á sífelldri hreyfingu. Tónmálið er hrátt og mikið um fingerðar nótur á efsta sviði skalans.

Gullský er einleikskonsert fyrir flautu og var Melkorka Ólafsdóttir einleikarinn. Flautuparturinn var annarsheimslegur, enn meira fyrir þær sakir að tónskáldið óf hörputóna inn í hann af mikilli list. Það var falleg framvinda í músíkinni og mörg sterk augnablik. Áhrifamikið var þegar stöðugur taktur byrjaði í sellóunum. Hann skapaði magnað drama. Í það heila var djúp ljóðræna yfir öllu verkinu sem var einstaklega hrífandi. Hljómsveitarstjórn Daníels Bjarnasonar var örugg, og einleikur Melkorku var vandaður. Hann var fullur af fagurlega mótuðum blæbrigðum sem hittu beint í mark.

Annar einleikskonsert var frumfluttur á tónleikunum, píanókonsert eftir Þórð Magnússon. Konsertinn var hefðbundinn. Fyrsti kaflinn var í svokölluðu sónötuformi. Annar kaflinn var hægur en sá síðasti rondó, þ.e. hringdans þar sem sama stefið var endurtekið með reglulegu millibili. Tónmálið var í nýklassískum stíl þar sem skuggarnir af Ravel, Prokofiev og Stravinskí voru ekki langt undan. Atburðarásin í tónlistinni var eðlileg og flæðandi. Mismunandi hlutar konsertsins samsvöruðu sér prýðilega við heildina. Óneitanlega var hann vel útsettur fyrir hljómsveitina. Ólíkir hljóðfærahópar fengu allir sín hlutverk og það var sterk heildarmynd á hljómsveitarröddinni.

Píanórullan var líka glæsilega skrifuð, möguleikar hljóðfærisins voru ágætlega nýttir. Víkingur Heiðar Ólafsson lék á píanóið og gerði það af fagmennsku, ýmist grípandi snerpu eða hástemmdri mýkt.

Eins og áður sagði brá fyrir skuggum af gengnum tónskáldum í konsertinum. Þórður hefur greinilega sótt innblástur í smiðju gömlu meistaranna. Stundum brá fyrir frumleika, eins og t.d. í upphafinu að öðrum kaflanum, sem var áleitinn og fallega hrjúfur. En maður saknaði þess að heyra ekki meira í rödd Þórðar sjálfs. Hver er hún eiginlega? Konsertinn er frábært handverk, en maður vill eitthvað meira á svona tónleikum.

Tvær aðrar tónsmíðar voru leiknar á tónleikunum. Önnur var gamalt stykki eftir Hauk Tómasson, sem kom vel út. Hin var Act eftir Rolf Wallin, sérdeilis flott verk með svo djörfum tilþrifum og ofsafengnum hápunktum að maður leitaði ósjálfrátt eftir sætisólum til að spenna sig fastan. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Tveir athyglisverðir einleikskonsertar voru frumfluttir á tónleikunum og einleikararnir fóru á kostum.

# SAMSUNG

# Þið njótið góðs af því þegar við tökum til

**Hér að neðan eru nokkur sýnishorn af þeim vörum sem verða boðnar á sérstöku tilboðsverði. Sjá samsungsetrid.is.**

## SAMSUNG Tölvuskjáir

**20%**
afsláttur
af öllum
Samsung
tölvuskjám og
prenturum




## SAMSUNG Bökunarofnar



Samsung
NV75J3140BW

- Gerð: Blástursofn
- Sjálfhreinsandi
- Lítra: 75 lítrar
- Innvols: Emelerað
- Litur: Hvítur

**Verð kr: 79.900,- Tilboðsverð kr: 69.900,-**

## SAMSUNG Hátalaradokkur

Kraftmikill "Vacum tuub" hátalaradokka, skilar HiFi hljómi
Gerð fyrir Galaxy S2, S3. S4, Note, Note 2 einnig Iphone, Ipad og Ipod.



**50%**

**Verð kr: 139.900,-**
**Tilboðsverð kr: 69.900,-**

## SAMSUNG Heimabíó

Heimabíó 2.1 - 3D - 400W:
- 3D Blu-Ray spilari sem spilar alla helstu staðla.
- Smart Hub: You Tube, Facebook, Netflix o.fl

**53%**

SAHT-ES6600



**Verð kr: 149.900,- Tilboðsverð kr: 79.900,-**

## SAMSUNG Myndavélar

SMART NX 1000

- 20.3 milljón pixlar
- 3" (7.62cm) LCD Skjár 640 x 480, 614k
- APS-CMOS Sensor
- 8 rammar á sec
- Hægt að skipta um linsur
- 20-50 mm linsa
- Direct Wi-fi
- I-Function linsa
- Hljóðupptaka með mynd

**50%**



**Verð kr: 99.900,- Tilboðsverð kr: 49.900,-**

## SAMSUNG Þvottavélar



**ecobubble þvottavél**

WF70 - 7 KG. 1400 SN.

HVAÐ ER ECO BUBBLE?
Leysir upp þvottaduft undir þrýstingi og myndar kvoðu, svo duftið leysist upp á um það bil 15mín,í stað 30-40 ella.

**Verð kr: 89.900,- Tilboðsverð kr: 79.900,-**

**Meðal þess sem kemur við sögu í tiltektinni:**
Frystiskápar / Háfar / Helluborð / Kæliskápar / Bökunarofnar / Örbylgjuofnar / Ryksugur / Uppþvottavélar / Þurrkarar / Þvottavélar / Prentarar / Tölvuskjáir / Dokkur / Blu-Ray spilarar / Heimabíókerfi / Heyrnartól / Videoupptökuvélar / Ljósmyndavélar / Hljómtæki.
**Nánari upplýsingar eru á : samsungsetrid.is**

**SAMSUNG SETRIÐ**
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE BOY | 8, 10:10 |
| THE REVENANT | 5:50, 9 |
| RIDE ALONG 2 | 5:50 |
| NONNI NORÐURSINS | 5:50 ÍSL.TAL |
| THE HATEFUL EIGHT | 10:30 |
| SISTERS | 8 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG
Robert De Niro Zac Efron Dirty Grandpa
Frábær grínmynd frá þeim sömu og færðu okkur BORAT
CREED
5 ÓSKARSTILNEFNINGAR m.a. Besta myndin, Besti leikari í aukahlutverki - Christian Bale, Besti leikstjóri - Adam McKay
THE BIG SHORT
NEW YORK TIMES
5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
Þökkum frábærar viðtökur
Yfir 80.000 manns
Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna
með íslensku tali
DADDY'S HOME
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| DIRTY GRANDPA | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| DIRTY GRANDPA VIP | KL. 10:30 |
| CREED | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSL TAL | KL. 6 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 - 10:20 |
| POINT BREAK | KL. 10:10 |
| STAR WARS 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| STAR WARS 2D | KL. 7 |
| STAR WARS 2D VIP | KL. 5:15 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5 |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | |
| DIRTY GRANDPA | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| CREED | KL. 10:10 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSL TAL | KL. 6 |
| THE BIG SHORT | KL. 8 - 10:45 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| DIRTY GRANDPA | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| CREED | KL. 8 - 10:40 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSL TAL | KL. 5:10 |
| THE BIG SHORT | KL. 8 |
| DADDY'S HOME | KL. 5:50 - 8 - 10:40 |
| STAR WARS 2D | KL. 5:10 - 10:10 |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
| DIRTY GRANDPA | KL. 8 - 10:15 |
| CREED | KL. 10:15 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSL TAL | KL. 6 |
| NONNI NORÐURSINS ÍSL TAL | KL. 6 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
| DIRTY GRANDPA | KL. 8 - 10:20 |
| CREED | KL. 10:20 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| DADDY'S HOME | KL. 8 |
| STAR WARS 3D | KL. 5:15 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
6 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
SPOTLIGHT
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
12 ÓSKARS TILNEFNINGAR
THE REVENANT
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
Fleiri myndir í sýningu á emidi.is
THE 5TH WAVE
RIDE ALONG 2
5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
THE HATEFUL EIGHT
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

Umboðsmaður skuldara
OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 9.00 - 15.00
Símatími ráðgjafa er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.00 - 14.00
SÍMI 512 6600
GRÆNT NÚMER 800 6600
KRINGLAN 1 103 REYKJAVÍK
ums.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

## 2. FEBRÚAR 2016

### Tónlist

**Hvað?** Sigurður Guðmundsson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bryggjan Brugghús
Sigurður Guðmundsson hefur fyrir löngu getið sér gott orð í tónlist hér á landi. Hann mun bjóða gestum Bryggjunnar upp á huggulega kvöldstund, þegar hann syngur sín uppáhaldslög við undirleik píanistans Hjartar Ingva, hljómborðsleikara Hjaltalín. Tónleikarnir fara fram í bruggsal Bryggjunnar. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.


Gunnar Þórðarson verður í Bítlastuði á Rósenberg í kvöld.

**Hvað?** Jazzkvöld
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel
Á næsta jazzkvöldi Kex Hostels kemur fram kvartett söngkonunnar Unnar Söru Eldjárn. Auk hennar skipa hljómsveitina þeir Karl Olgeirsson á píanó, Ævar Örn Sigurðsson á kontrabassa og Höskuldur Eiríksson á trommur. Þau munu flytja fjölbreytt úrval sígrænna jazzlaga. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Hádegistónleikar Hafnarborgar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Strandgata 34
Sigrún Hjálmtýsdóttir eða Diddú sem kemur fram á hádegistónleikum í Hafnarborg ásamt Antóníu Hevesi píanóleikara. Diddú hóf feril sinn á sviði dægurtónlistar. Síðar stundaði hún sígilt söngnám við Guildhall School of Music and Drama í London og hélt síðan til Ítalíu í framhaldsnám. Hún hefur tekið þátt í margvíslegum uppfærslum og sýningum jafnt á sviði sem og í kvikmyndum, sem ber fjölbreyttum hæfileikum hennar vitni. Aðgangur er óleypis. Allir velkomnir.

**Hvað?** Bítladrengirnir blíðu og Gunnar Þórðarson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rósenberg
Bítladrengirnir blíðu og Gunnar Þórðarson flytja tónlist eftir The Beatles á Café Rosenberg í kvöld. Aðgangseyrir er 2.000 krónur. Bítladrengirnir blíðu eru: Magnús R. Einarsson, Eðvarð Lárusson, Ásgeir Óskarsson og Tómas M. Tómasson.

### Fundir og fyrirlestrar

**Hvað?** Erindi á vettvangi U3A Reykjavík
**Hvenær?** 17:15
**Hvar?** Félagsmiðstöðinni, Hæðargarði 31
Í fæðu mannkyns er tugur plöntutegunda eða svo, sem skipta sköpum, beint og óbeint. Ríkharður Brynjólfsson, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, flytur fyrirlestur þar sem hann fjallar um þessar tegundir, eiginleika þeirra og afurðir. Hann mun síðan fjalla um það hvernig framleiðsla þeirra hefur þróast undanfarna áratugi á heimsvísu m.a. með hliðsjón af vaxandi fólksfjölda. Ríkharð hefur starfað við kennslu og rannsóknir á ræktun nytjajurta á Hvanneyri frá 1976. Aðgangseyrir 500 krónur. Allir velkomnir.

**Hvað?** Eftir París – Loftslagsbreytingar, staða og framtíðaráskoranir.
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Í Safnahúsinu Hverfisgötu.
Landvernd býður til hádegisfyrirlestrar um stöðu loftslagsmála í kjölfar heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál í desember síðastliðnum. Munu Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, flytja erindi og að þeim loknum taka við pallborðsumræður. Þar munu sitja auk Huga og Árna, Snorri Baldursson, formaður Landverndar, Hrönn Hrafnsdóttir frá Reykjavíkurborg, Nína M. Saviolidi, frá Grugg vefriti um umhverfismál og er fundarstjórn í höndum Ellýjar Katrínar Guðmundsdóttur, borgarritara.

**Hvað?** Hugleiðing um skipulag og hönnun
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Listasafninu á Akureyri
Árni Árnason innanhússarkitekt heldur fyrirlestur í Listasafni á Akureyrar, Ketilhúsi, undir yfirskriftinni Hugleiðing um skipulag og hönnun. Þar mun hann fjalla um skipulag frá sjónarhóli neytandans og einnig eigin hönnun á liðnum árum. Árni Árnason er útskrifaður sem tækniteiknari frá Iðnskólanum í Reykjavík og sem húsgagna- og innanhússarkitekt frá Skolen for brugskunst í Kaupmannahöfn. Hann tók síðar kennsluréttindi frá Háskólanum á Akureyri. Árni stofnaði ásamt öðrum FORM arkitektastofu en vinnur núna við kennslu, smíðar og hönnun.


Diddú verður í banastuði um hádegisbilið í dag.

ÚTSALA
50% AFSLÁTTUR!
KING KOIL MORENA
Queen Size rúm (153x203 cm)
FULLT VERÐ 278.711 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 139.356 kr.
Millistíf 5-svæða skipt 798 pokagormakerfi og stífir kantar ásamt þrýstijöfnunar gelsvampi í toppi. Pu-leðurklæddur botn með fótum.
rekkjan HEILSURÚM
ARGH!!! 260116 #3

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Njósnir, lygar og fjölskyldubönd ENG SUB | 18:00 |
| Marguerite | 17:30 |
| Virgin mountain / Fúsi ENG SUB | 18:00 |
| Youth | 20:00 |
| Joy | 20:00 |
| A Perfect day | 20:00 |
| A Blast | 22:30 |
| 45 years | 22:30 |
| Rams / Hrútar ENG SUB | 22:00 |

ck2

#the2ofus

# Kynning í Kringlunni og Smáralind dagana 2.-3. febrúar





HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur



2 | 21:55
**100 CODE**
Vandaðir sakamálaþættir þar sem rannsóknarlögreglumaður frá New York er fenginn sem ráðgjafi til sænsku lögreglunnar en þar hafa ungar, ljóshærðar og bláeygðar konur fundist myrtar á óhugnanlegan hátt.

FRÁBÆR ÞRIÐJUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

2 | 20:10
**MAJOR CRIMES**
Hörkuspennandi þættir um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknardeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.



2 | 21:40
**TRANSPARENT**
Frábærir gamanþættir um fjölskyldu sem þarf aldeilis að breyta ýmsu í lífi sínu þegar höfuð fjölskyldunnar kemur þeim í opna skjöldu.



2 | 22:35
**MAD DOGS**
Ný spennuþáttaröð sem fjallar um hóp vina sem ferðast til Belize en fljótlega snýst ferðalagið upp í martröð og hætturnar leynast á hverju strái.




b | 22:00
**BLOOD TIES**
Hér er sögð saga bræðranna Chris og Frank sem hafa farið ólíkar leiðir í lífinu. Chris hefur haft viðurværi sitt af allskyns glæpum en Frank er lögreglumaður í New York.



3 | 21:00
**ONE BORN – WHAT HAPPENED NEXT**
Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fylgt er eftir nokkrum eftirminnilegum pörum úr fyrri þáttaröðum og fjallað um lífið eftir fæðingu.



Krakka Stöðin | 19:00
**FRANKLÍN**
Skemmtileg teiknimynd um ævintýralegu og skemmtilegu skjaldbökuna Franklin.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Middle
**08.25** Junior Masterchef Australia
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Cristela
**10.35** Hjálparhönd
**11.05** Suits
**11.50** Proof
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.20** American Idol
**15.05** 50 Ways to Kill Your Mammy
**15.50** Junk Food Kids. Who's to Blame
**16.40** Hollywood Hillbillies
**17.00** Scooby-Doo! Leynifélagið
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.25** Anger Management
**19.45** Mom Önnur gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina, Christy, sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut. Þættirnir eru úr smiðju Chuck Lorre, sem er maðurinn á bak við nokkrar af vinsælustu gamanþáttaröðum nútímans.
**20.10** Major Crimes
**20.55** 100 Code
**21.40** Transparent
**22.10** You're The Worst
**22.35** Mad Dogs
**23.20** Covert Affairs Fimmta þáttaröðin um CIA fulltrúana Annie og Auggie.
**00.05** Flesh and Bone
**01.05** Bones
**01.50** Son Of No One
**03.20** Riddle
**04.55** The Middle
**05.20** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

**10.00** Carlisle og Everton Beint.
**11.40** Spænsku mörkin 2015/2016
**12.10** Atalanta og Sassuolo.
**13.50** Oklahoma City Thunder og Houston Rockets í NBA.
**15.40** Arsenal og Burnley.
**17.20** Ensku bikarmörkin 2016
**17.50** Roma og Frosinone.
**19.30** Ítölsku mörkin 2015/2016
**19.50** Manchester United og Stoke City Beint.
**22.00** Þýsku mörkin 2015-2016
**22.45** Körfuboltakvöld

## SPORT 2

**12.50** Football League Show 2015/16
**13.20** Norwich og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**15.05** Crystal Palace og Tottenham.
**16.45** Messan
**17.55** Arsenal og Chelsea.
**19.35** Leicester City og Liverpool Beint.
**21.45** Manchester City og Everton.
**23.30** Arsenal og Southampton.
**01.10** Sunderland og Man. City

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Farmers Insurance Open
**12.00** Qatar Masters
**16.00** PGA Tour 2016 - Highlights
**16.55** Farmers Insurance Open
**20.55** Golfing World 2016
**21.45** Inside The PGA Tour 2016
**22.10** CareerBuilder Challenge

## STÖÐ 3

**18.45** One Big Happy
**19.10** Schitt's Creek
**19.30** The Amazing Race. All Stars
**20.15** Drop Dead Diva
**21.00** One Born - What happened Next
**21.50** Pretty Little Liars
**22.35** Mayday
**23.25** The Listener
**00.10** American Horror Story. Freak Show
**00.55** The Amazing Race. All Stars
**01.40** Drop Dead Diva
**02.25** One Born - What happened Next
**03.10** Pretty Little Liars
**03.55** Mayday
**04.35** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.45** Gulla og grænjaxlarnir
**07.55** Tommi og Jenni
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Rasmus Klumpur og félagar
**08.55** UKI
**09.00** Ævintýri Tinna
**09.23** Lína langsokkur
**09.48** Hvellur keppnisbíll
**10.00** Brunabílarnir
**10.25** Skógardýrið Húgó
**10.47** Ævintýraferðin
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.45** Gulla og grænjaxlarnir
**11.55** Tommi og Jenni
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Rasmus Klumpur og félagar
**12.55** UKI
**13.00** Ævintýri Tinna
**13.23** Lína langsokkur
**13.48** Hvellur keppnisbíll
**14.00** Brunabílarnir
**14.24** Skógardýrið Húgó
**14.46** Ævintýraferðin
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.45** Gulla og grænjaxlarnir
**15.55** Tommi og Jenni
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Rasmus Klumpur og félagar
**16.55** UKI
**17.00** Ævintýri Tinna
**17.23** Lína langsokkur
**17.48** Hvellur keppnisbíll
**18.00** Brunabílarnir
**18.24** Skógardýrið Húgó
**18.46** Ævintýraferðin
**19.00** Franklín



Könnuðurinn Dóra 11.00

## GULLSTÖÐIN

**18.35** How I Met Your Mother
**19.00** Friends
**19.20** New Girl
**19.45** Modern Family
**20.10** Veggfóður
**20.55** Hið blómlega bú 3
**21.30** Klovn
**22.00** Nikita
**22.45** Dallas
**23.25** Cold Case
**00.10** Hið blómlega bú 3
**00.40** Klovn
**01.05** Nikita
**01.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.20** Inside Llewyn Davis
**13.05** To Rome With Love
**14.55** Girl Most Likely
**16.40** Inside Llewyn Davis Stjörnum prýdd mynd sem gerist í Greenwich Village á sjöunda áratugnum og lýsir einni viku í lífi hins heimilislausa Llewyn Davis sem á ekki annað af veraldlegum gæðum en fötin sem hann gengur í og gítarinn sinn. Það er hávetur í New York og Llewynströgglar við að finna sér verkefni á börum borgarinnar og þarf jafnframt að treysta á húsaskjól hjá vinum. Þegar Lewyn hittir hinn kostulega Roland þá tekur líf hans miklum breytingum. Með aðalhlutverk fara Oscar Isaac, Carey Mulligan, John Goodman og Justin Timberlake
**18.25** To Rome With Love
**20.15** Girl Most Likely
**22.00** Blood Ties Hér er sögð saga bræðranna Chris og Frank. Chris hefur haft viðurværi sitt af allskyns glæpum en Frank er lögreglumaður. Chris lendir í fangelsi og þegar hann er látinn laus er hann fljótlega kominn á kaf í vafasöm viðskipti á nýjan leik og hætturnar leynast við hvert fótmál.
**00.10** Don Jon
**01.40** Special Forces
**03.25** Blood Ties

## RÚV

**16.55** Downton Abbey
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Hopp og hí Sessamí
**18.18** Millý spyr
**18.25** Sanjay og Craig
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.15** Sjöundi áratugurinn – Frelsisgangan langa
**21.00** Ahmed og Team Physix
**21.15** Castle
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Reykjavíkurleikarnir
**22.40** Glæpasveitin
**23.40** Þýskaland '83
**00.25** Spilaborg
**01.15** Kastljós
**01.50** Fréttir
**02.05** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.22** Dr. Phil
**09.03** Hotel Hell
**09.45** Minute To Win It
**10.25** Pepsi MAX tónlist
**13.35** King of Queens
**13.59** Dr. Phil
**14.41** The McCarthys
**15.03** Emily Owens M.D
**15.43** Judging Amy
**16.26** Remedy
**17.10** Survivor
**17.53** Dr. Phil
**18.35** The Tonight Show
**19.16** The Late Late Show
**19.50** Black-ish
**20.15** Jane the Virgin
**21.00** The Good Wife
**21.45** Elementary
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Extant
**00.35** Code Black
**01.20** Complications
**02.05** The Good Wife
**02.50** Elementary
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM

## VILTU EFLA STARFSHÆFNI ÞÍNA EÐA STYRKJA EIGIN ATVINNUREKSTUR?



SÖLU-, MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM NTV OG MÍMIS ER YFIRGRIPSMIKIÐ OG HAGNÝTT NÁM. TILVALIÐ FYRIR ÞÁ SEM VILJA STYRKJA SIG Í STARFI Á ÞESSU SVIÐI, FYRIR FRUMKVÖÐLA OG ÞÁ SEM STEFNA Á EIGIN ATVINNUREKSTUR. NÁMIÐ ER NIÐURGREITT AF FRÆÐSLUSJÓÐI ATVINNULÍFSINS, KOSTAR KR. 84.000 OG ER HUGSAÐ FYRIR ÞÁ SEM HAFA STUTTA SKÓLAGÖNGU AÐ BAKI.

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

**www.ntv.is**

ntv

Nýi tölvu-og viðskiptaskólinn



Páll Óskar var valinn söngvari ársins á Hlustendaverðlaununum sem afhent voru í Háskólabíói um síðastliðna helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL ÞÓR ÁGÚSTSSON.

# Syngur um Gleðibanka-syndrome íslensku þjóðarinnar

„Mig grunaði ekki að ég yrði valinn úr þessum flotta hópi söngvara," segir nýkjörinn söngvari ársins á Hlustendaverðlaununum, **Páll Óskar Hjálmtýsson**, sem hefur í nægu að snúast. Næst á dagskrá er að frumflytja afmælislag Eurovision á fyrra kvöldi undankeppninnar sem fram fer á laugardaginn kemur í Háskólabíói.

Það er búið að vera miklir hasar í gangi síðustu vikur, en lagið fjallar um þátttöku Íslendinga í Eurovision. Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir einn af framkvæmdastjórum keppninnar hringdi í mig fyrir rúmum tveimur vikum síðan og vantaði afmælislag í tilefni af 30 ára þátttöku Íslands í keppninni. Það má segja að ég hafi fengið hugmyndina meðan ég talaði við Ragnhildi í símanum," segir Páll Óskar Hjálmtýsson, einn alvinsælasti söngvari þjóðarinnar, sem var að senda frá sér lagið „Við vinnum þetta fyrirfram".

„Ég átti til lag sem ég var búin að geyma ofan í skúffu í rúm tvö ár, lag sem ég vissi ekki alveg hvað ég ætlaði að gera við. En þegar Ragnhildur kom með þá skýringu að þetta væri ekki eurovisionlag heldur um Eurovision þá kom hugmyndin," útskýrir hann alsæll. Páll Óskar kemur til með að frumflytja lagið á sviðinu í Háskólabíói næstkomandi laugardag, en þá fer fyrra undanúrslitakvöld Söngvakeppni Sjónvarpsins fram.

„Lagið fjallar um okkur Íslendinga í Eurovision og viðbrögð þjóðarsálarinnar við keppninni. Gleðibanka syndrome-ið svokallaða sem við höfum haft í gegnum tíðina, þar sem við erum alltaf svo bjartsýn og förum fljótt að hugsa um hvar við getum haldið keppnina. En auðvitað er betra að við séum að sýna þessi viðbrögð heldur en að senda keppanda út með hálfvolgum viðbrögðum þjóðarinnar. Við vinnum þetta fyrirfram er frábært lag fyrir okkur hérna heima og okkar eigin þjóðarsál," segir Páll Óskar, aðspurður um inntak lagsins.

Í ljósi þess hve tímaramminn var þröngur fékk Páll Óskar þá Braga Valdimar Skúlason og Sigurð Sigtryggsson til að aðstoða sig við að klára lagið.

„Já ég hafði samband við Braga Valdimar og hann dró textann að landi og betrumbætti af sinni rómuðu snilld. Demóið af laginu gerði Little Boots fyrir tveimur árum. Svo sáum við Siggi Sigtryggsson um að endurútsetja lagið og hljóðrita upp á nýtt. Ég er hæst ánægður með þetta lag. Það hefur gengið vel að vinna það síðustu vikur og ég er meira að segja búinn að taka upp myndband við lagið," segir Páll Óskar ánægður með útkomuna.

Margt hefur drifið á daga popparans sívinsæla undanfarnar vikur, en auk þess að semja nýtt lag, þá var hann valinn söngvari ársins á Hlustendaverðlaununum sem fram fóru í Háskólabíói um síðastliðna helgi. Verðlaunin eru uppskeruhátíð íslenskra tónlistarmanna, þar sem hlustendur Bylgjunnar, FM 957 og X977 velja hverjir þóttu standa sig best á liðnu ári.

„Það var mjög óvænt, mig grunaði ekki að ég yrði valinn úr þessum flotta hópi söngvara sem voru tilnefndir svo ég er alveg innilega þakklátur. Þetta var frábært kvöld og vel að þessu staðið. Þessi hlutsenda netkosning er nauðsynlegt mótvægi við íslensku tónlistarverðlaunin sem óneytanlega hefur aðrar áherslur. Þetta sýnir að það er pláss fyrir alla í bransanum þar sem allir fá sinn stökkball til að njóta sín, skapa sína list og koma henni á framfæri," segir Páll Óskar að lokum.

gudrunjona@frettabladid.is



**Nýjasta lag Páls Óskars, Við vinnum þetta fyrirfram, fjallar um þátttöku Íslendinga í Eurovision.**



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

LANDSBRAUÐ

Til styrktar Slysavarnafélaginu Landsbjörg

Íslenskir bakarar vilja vekja athygli á hollustu trefjaríkra brauða. Trefjarík blanda af höfrum, byggi og rúgi stuðlar að eðlilegri og góðri meltingu. Bakarar hafa nú á boðstólum Landsbrauð sem er trefjaríkt hollt brauð. Landsbrauð er mjúkt, milt á bragðið og einstaklega ljúffengt.

Slysavarnafélagið Landsbjörg fær 30 kr. í sinn hlut af hverju seldu brauði, til styrktar einingum félagsins.



Landsbrauð er trefjaríkt og inniheldur m.a. heilmalað korn.

TREFJARÍKT

KORTER.IS


KFC
Zjóð-
heitur
Zinger
Twister
SVOOO
GOTT
ZINGER TWISTER
Zinger kjúklingalundir, iceberg salat, salsa-sósa og létt piparmajónes. Allt vafið saman í heita, mjúka, ristaða tortillu.
929 KR.
Boxmáltíð
1.899 KR.
Zinger Twister, franskar, 3 Hot Wings, gos og Conga súkkulaði.
PIPAR\TBWA • SÍA • 156249

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




## Að mæta Bakkusi í búð

Manstu hvað við höfðum miklar áhyggjur af því að verða hornreaka í hruninu? Reyndin varð síðan sú að okkar biðu meiri vinsældir en við höfðum áður þekkt. Hvernig stóð á því? Jú, mannfólkið dýrkar harmleiki og þarna buðum við heimsbyggðinni uppá einn slíkan af bestu gerð.

Við mannfólkið erum nefnilega ekki svo ólík Bakkusi hvað þetta varðar. Hann fleytir jafnvel mestu skussum meðfram himinskautum bara til að sjá þá svo þunna, lágreista og eymdarlega næsta dag.

Við höfum sama háttinn á. Við tendrum uppí stjörnum og bíðum svo í von um að sjá þær springa, krýnum kónga í von um að geta krossfest þá einn daginn og dagsdaglega skemmtum við okkur við það að breyta hetjum í skúrka. Við reistum Kim Kardashian til himna svo við getum síðan hneykslast á því hvað hún væri orðin asskoti mikil um botninn. Ef við viljum mikið fjör köllum við hana dræsu. Og þegar Vigdís Hauksdóttir opnar munninn, þá er nú aldeilis hægt að sópa svekkelsi lífsins fram af tungunni. Nú, svo er ekki ónýtt þegar hægt er að reka naglana í frelsara einsog Andra Snæ, við héldum að tækifærið ætlaði aldrei að gefast. Og ekki leiðist okkur nú að taka útrásarvíkingana af himnafestingunum og jarða þá.

Harmleikir á við þessa hafa skemmt mannskepnunni frá örófi alda og heimsbyggðin sýnir engin merki þess að vaxa uppúr leiknum. Hún hefur til dæmis aldrei verið jafn hamingjusöm og sumarið 1998 þegar Clinton skemmti okkur með brestum sínum. Það er því mikilvægt fyrir þingmenn, sem mikið ræða um Bakkus og búðir þessa dagana, að muna eftir því að byrja á réttum enda. Málið snýst ekki um það hvort mönnum sé óhætt að mæta Bakkusi í matvöruverslunum heldur hitt: er það á Bakkus leggjandi að mæta okkur bæði í Hagkaupum og Bónus?











LAUST
GSM
2.990 KR.**
ÓTAKMARKAÐ TAL,
SMS OG NÚ Í FYRSTA
SINN ÓTAKMARKAÐ
GAGNAMAGN
Þú getur hringt, sent sms og vafrað um
á netinu innanlands áhyggjulaust.
Settu þig í samband og fáðu Endalaust 365
1817
365.is
365


Endalaust 365
ENDALAUST
NET GSM
Settu þig í samband og fáðu **Endalaust 365**
1817
365.is
365